

**SKOÐUN** Brottfall er beintengt þjónustuleysi á skólastigum, skrifar Guðrún Helga Sederholm. 13



**MENNING** Of Monsters and Men og Sigur Rós fengu góða dóma fyrir tónleika sína á Hróarskeldu. 20



**SPORT** Íslenska landsliðið leggur lokahönd á undirbúninginn fyrir EM í knattspyrnu sem hefst í dag. 22





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
10. júlí 2013
160. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Fastan hafin**
Ramadan, föstumánuður múslima, hófst í gær. Í Menningarsetri múslima komu trúbræður saman til bænastundar af því tilefni. 8

**Flugfreyjur ósáttar við eftirlit** Persónuvernd tekur undir með Flugfreyjufélagi Íslands að óeðlilegt hafi verið að setja upp eftirlitsmyndavélar á húsnæði félagsins. 2

**Hafnaði sáttaboði** Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafnaði í gærkvöldi sáttatilboði stúdenta. 2

**Jafnmargir og íbúar Selfoss** Um 6.600 farþegar komu til landsins í gær með fimm skemmtiferðaskipum. 6




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | SA | 9 |
| Akureyri | 19° | SV | 5 |
| Egilsstaðir | 23° | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | S | 3 |
| Reykjavík | 13° | SA | 8 |

**24 GRÁÐUR NA-TIL** Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt og léttskýjað en stífari og fer að rigna V-til síðdegis. Hiti 10-24 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Stöð 2 | Fólk**




# Vilja víðtækari sátt um sjávarútveginn

Sjávarútvegsráðherra tekur undir með forseta Íslands um að víðtækari sátt þurfi um sjávarútveginn. Forsetinn kallaði eftir slíkri sátt á blaðamannafundi í gær.

**STJÓRNMÁL** „Í ljósi undirskriftasöfnunarinnar munum við leggja enn meira á okkur til að ná fram víðtækari sátt í samfélaginu,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra. Forseti Íslands hvatti í gær stjórnvöld til að ná varanlegri og víðtækari sátt um hið umdeilda veiðigjald um leið og hann lýsti því yfir að hann myndi staðfesta ný lög um sérstakt veiðigjald.

Sigurður Ingi segir að þessi víðtæka sátt sé algjör forsenda fyrir því að sjávarútvegurinn geti starfað í friði. Augljóst sé að meiri sátt þurfi en ríki nú þegar. Sigurður segir að það sé gríðarlegur munur á afstöðu til þessarar atvinnugreinar eftir búsetu og því sé mikilvægt að vinna að sátt á milli þessara hópa.

„Við erum fyrst og fremst búin að vinna að sátt í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi en nú er það verkefni okkar að taka umræðuna við byggðarlög landsins til þess að ná enn frekari sátt,“ segir hann og bætir við að markmiðið sé að ná til sem flestra.

„Hluti af því er ekki síst að auka skilning í samfélaginu á því hvernig sjávarútvegurinn virkar og ég hef fulla trú á því að okkur takist að ná fram víðtækari sátt.“

> **Hluti af því er ekki síst að auka skilning í samfélaginu á því hvernig sjávarútvegurinn virkar.**
>
> *Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra*

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, telur jafnframt að mikilvægt sé að ná fram sem víðtækastri sátt en segist þó ekki bjartsýnn á að það verði nokkurn tímann hægt að ná niðurstöðu sem allir geti sætt sig við. **- le /** **sjá síðu 4**



**Í SÁTTAHUG** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sagði að hann hefði sett afdrifaríkt fordæmi með því að vísa lögum um skattheimtu til þjóðarinnar. Um það hefði þurft að vera víðtæk, almenn sátt í þjóðfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SKJALDBÖKUR** Liggja í makindum í sólinni. Þær eru ekki sama ráðgáta og áður fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gáta skjaldbökunnar leyst:

## Skelin varð til úr rifjahylkinu

**VÍSINDI** Japanskir vísindamenn hafa nú leyst gátuna um tilurð skeljar skjaldbökunnar. Þeir segja engan vafa leika á því lengur að skelin varð til úr rifjahylkinu.

Til þessa hafa vísindamenn talið hugsanlegt að hún hafi orðið til úr blöndu af ýmsum beinum skjaldbökunnar.

Gerð er grein fyrir þessari uppgötvun í tímaritinu Nature Communications. Niðurstaðan fékkst með ítarlegum samanburði á fóstrum skjaldbaka, kjúklinga og krókódíla, samanburði við steingervinga og greiningu á erfðaefni. **- gb**

Ferðamenn vanbúnir:

## Leita 7-eleven uppi á hálendi

**FERÐAMÁL** „Við höfum heyrt í leiðbeinendum á svæðinu sem hafa fengið spurningar eins og þá hvort það sé 7- eleven í Landmannalaugum,“ segir Björn Bergmann Þorvaldsson, starfsmaður Landsbjargar, um ferðamenn sem fara of illa búnir upp á hálendi. „Í fyrstu hélt ég að þetta væri eitthvert grín en því miður er þetta tilfellið.“

Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, segir allt of marga ferðamenn halda af stað í slíkar ferðir án þess að þekkja nógu vel til aðstæðna. Björn segir þess dæmi að ferðalangar finnist í strigaskóm uppi á Fimmvörðuhálsi sem er ein af erfiðustu ferðaleiðunum. **- jse**

Rannsókn á starfsháttum lögreglumanns í höndum ríkissaksóknara:

# Konan ætlar að kæra handtökuna

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem sætti harkalegri handtöku lögreglumanns á Laugaveginum hefur ráðið sér lögfræðing og hyggst leita réttar síns. Ríkissaksóknari rannsakar málið og hefur lögregluþjóninum verið vikið tímabundið úr starfi á meðan. Þá hefur umboðsmaður Alþingis óskað eftir upplýsingum um málið.

Arnar Kormákur Friðriksson er lögmaður konunnar. Hann fagnar því hve hratt ríkissaksóknari og lögregla brugðust við málinu.

„Ég tel að gengið hafi verið fram með mun harkalegri hætti en efni stóðu til. Myndbandið talar sínu máli,“ segir Arnar, með vísan til myndbands af handtökunni sem birtist á Facebook um helgina.

„Konan er með áverka víða um líkamann,“ segir Arnar. Hún hyggst leggja fram kæru vegna þeirra. „Auk þess sem taka má fram að augljóst er að engin ógn stafaði af henni,“ segir hann.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær sagði Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, að lögreglumaðurinn hafi beitt hefðbundnum handtökuaðferðum og ekki gengið of langt. „Vissulega er það óheppilegt að þessi bekkur skuli vera þarna á Laugaveginum og fyrir það lítur atvikið verr út en ella,“ sagði Snorri. **- mlþ**










## SPURNING DAGSINS



„Þorvaldur Davíð, heldurðu að þú fáir nokkuð samviskubit?“

**„Já, það er hugsanlegt að ég fái eitthvað svoleiðis í hálsinn.“ Þorvaldur Davíð Kristjánsson er að fara að leika í Hollywood-myndinni Dracula.**

„Sögðust ekki hafa tíma til að yfirfara þær,“ segir formaður SHÍ um viðbrögð við sáttatillögum:

# Sáttatillögu stúdenta hafnað af stjórn LÍN

**MENNTUN** „Þetta eru vonbrigði,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem í gær fundaði með stjórn LÍN um fyrirhugaðar breytingar á útlánareglum sjóðsins. Á fundinum hafnaði stjórnin sáttatillögum stúdenta.

„Við komum þarna inn með sparnaðartillögur upp á nær hálfan milljarð, til að koma til móts við stjórnina. Það var ekkert gert við þær og stjórnin sagðist ekki hafa tíma til að fara yfir þær,“ útskýrir María.

„Við fundum lausnir sem virkilega spara peninga fyrir Lánasjóðinn. Okkur finnst ekki gaman að leggja til sparnað við Lánasjóðinn, en við skiljum að ef er krafa um niðurskurð þá verðum við að mæta henni.“

Þannig verða kröfur um námsframvindu auknar úr 60 prósentum í 75 prósent af 30 eininga önn. Krafan fer því úr 18 einingum upp í 22 einingar til þess að stúdentar hljóti óskert námslán.

Stjórn LÍN bað fulltrúa stúdentaráðs um að víkja af fundinum á meðan tillögur stúdentaráðs voru yfirfarnar. „Þannig að pólitíski hluti stjórnarinnar var þeir sem sátu eftir,“ bætir María við.

Stúdentar fengu þrjá liði sinna tillagna í gegn. „Breytingarnar munu ekki snerta námsframvindukröfur fatlaðra eða öryrkja. Einnig munu þær ekki ná til þeirra sem eiga minna en 22 einingar eftir til útskriftar og eru á sinni síðustu önn. Í þriðja lagi verður núna litið til alls ársins, en ekki bara annarinnar. Það er samt bara frestun á vandamálinu,“ segir María að lokum. **- ósk**



**„Við komum þarna inn með sparnaðartillögur upp á nær hálfan milljarð, til að koma til móts við stjórnina.**

*María Rut Kristinsdóttir*
*formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands*



**SKOÐAR ANDLITSMYNDIR HINNA LÁTNU** Þessi snáði virtist áhugasamur þar sem hann gekk meðfram borða með hundruðum ljósmynda. NORDICPHOTOS/AFP

Minningarathöfn um fjöldamorðin í Srebrenica:

## Kennsl borin á hundruð líka

**BOSNÍA Í gær kom fjöldi fólks saman í bænum Visok í Bosníu til að fylgjast með þegar hundruð líkkista voru fluttar úr líkhúsi bæjarins.**

**Í kistunum eru lík 408 manna, sem myrtir voru í bænum Srebrenica í borgarastríðinu árið 1995, ásamt nærri átta þúsund öðrum. Líkin voru illþekkjanleg í fjöldagröfum sem þeim hafði upphaflega verið hrúgað í, en nýlega var lokið við að bera kennsl á þau.**

**Líkin verða borin til grafar á fimmtudaginn skammt frá Srebrenica og jafnframt verður þar haldin minningarathöfn. - gb**

Varnargarður í Skutulsfirði:

## Samþykktu að taka tilboði ÍAV

**ATVINNUMÁL** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka tilboði Íslenskra aðalverktaka hf. í gerð ofanflóðavarnargarðs neðan Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 580 milljónir króna og var tilboð ÍAV 1,97 prósentum hærra, eða 591 milljón.

Áður en gengið er til samninga þarf að semja við Skógræktarfélag Íslands um bætur vegna skógræktar á svæðinu. Á síðasta ári bauðst Skógræktarfélagið til þess að útvega hæfa matsmenn til að meta skemmdir á trjágróðri vegna varnargarðarins. **- nej**

### LANDBÚNAÐUR

**Rúm kind á hvern og einn**

Rúmlega 476 þúsund sauðkindur voru skráðar á Íslandi á síðasta ári. Það gerir um eina og hálfa kind á hvern Íslending. Þetta kemur fram í tölum frá Matvælastofnun. Mest af sauðfé var skráð á Norðurlandi vestra eða tæplega 107 þúsund kindur. Leiða tölurnar einnig í ljós að rúmlega 77 þúsund hross eru skráð á Íslandi en nautgripir eru færri eða 71 þúsund.

### DÓMSTÓLAR

**Tók smálán í nafni annars**

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær 24 ára mann í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik, með því að hafa á síðasta ári tekið lán hjá þremur smálánafyrirtækjum í nafni og á kennitölu annars manns fyrir samtals 100 þúsund krónur.

# Flugfreyjur ósáttar við myndavélaeftirlit

Persónuvernd tekur undir með flugfreyjum sem kvarta undan eftirlitsmyndavélum við húsnæði Flugfreyjufélagsins. Efnalaug gert að hætta eftirliti með bílastæðum í Borgartúninu. Telja of langt gengið að spyrja gesti um erindi og tímaáætlun.

**PERSÓNUVERND** Eftirlitsmyndavélar sem beinst hafa að sameiginlegum inngangi og bílastæðum við Borgartún 22 eru ekki settar upp í samræmi við lög að mati Persónuverndar. Flugfreyjufélag Íslands kvartaði undan eftirlitsmyndavélunum.

Eftirlitsmyndavélarnar voru settar upp af eigendum Borgarefnalaugarinnar. Auk efnalaugarinnar eru Flugfreyjufélag Íslands, Flugvirkjafélag Íslands, Geðvernd og fleiri með aðstöðu í húsinu auk þess sem þar er veislusalur sem er leigður út.

Í kvörtun Flugfreyjufélagsins til Persónuverndar vegna eftirlitsmyndavélanna segir að tilgangurinn með uppsetningu þeirra sé að vakta notkun bílastæða við húsið en ekki að verja eigur fyrir skemmdarverkum. Það telur félagið brjóta í bága við reglur um uppsetningu eftirlitsmyndavéla.

Í kvörtuninni segir að eigendur efnalaugarinnar vilji vakta stæði við húsið. Þeir vilji að þau séu aðeins notuð í 20 mínútur í senn.

„Eigendur hafa auk þess gengið svo langt að spyrja aðila sem erindi eiga í húsið hvert erindið sé og hversu langan tíma standi til að leggja við húsið,“ segir í kvörtuninni.

Þar segir enn fremur að uppsetningin hafi ekki verið kynnt öðrum eigendum húsnæðisins.

„Telur Flugfreyjufélag Íslands að með uppsetningu vélanna sé vegið að rétti þeirra sem sækja þjónustu í húsið eða skjólstæðinga starfsemi hússins, til að mynda Geðverndar sem starfar á annarri hæð. Ljóst er að önnur starfsemi hússins getur ekki tekið mið af 20 mínútna reglu um skammtímastæði né getur boðið skjólstæðingum sínum upp á að vera „í beinni“ þegar leitað er til þjónustuaðila hússins,“ segir í kvörtuninni.

Eigendur efnalaugarinnar mótmæltu kröfum Flugfreyjufélagsins og sögðu tilgang eftirlitsins aðeins að fylgjast með húseigninni til að koma í veg fyrir skemmdarverk. Er þess meðal annars getið í svari þeirra til Persónuverndar að efni úr myndavélunum hafi nýst til að upplýsa skemmdarverk á húsinu.

Í vettvangsheimsókn Persónuverndar kom í ljós að myndavélarnar beindust sannarlega að inngangi, gangstétt og bílastæðum. Í úrskurði stofnunarinnar er eigendum gefinn stuttur frestur til að breyta sjónarhorni myndavélanna svo þær beinist eingöngu að húsnæðinu. **brjann@frettabladid.is**



**EFTIRLIT** Eigendum Borgarefnalaugarinnar var gert að breyta uppsetningu eftirlitsmyndavéla við Borgartún 22 og beina þeim eingöngu að húsnæðinu, ekki bílastæði, gangstétt og sameiginlegum inngangi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

### Takmarkaður réttur til eftirlits



Ætli eigendur húseignar sér að koma upp eftirlitsmyndavél eða myndavélum þarf að uppfylla ákveðin skilyrði.

- Vöktunin verður að vera nauðsynleg og fara fram til að verja eigur eða tryggja öryggi.
- Ekki má afhenda myndir úr eftirlitsmyndavélunum öðrum en lögreglu nema samþykki þess sem sést á myndunum fáist.
- Efni sem safnað er með myndavélunum á að eyða þegar ástæður til að geyma það eru ekki lengur til staðar, og ekki seinna en eftir 90 daga.




Hagfræðingurinn El Beblaví verður forsætisráðherra í Egyptalandi:

# Áformum Mansúrs mótmælt

**EGYPTALAND** Bræðralag múslima hafnaði í gær áformum nýju bráðabirgðastjórnarinnar um endurskoðun á stjórnarskrá landsins fyrir áramót og síðan í framhaldinu bæði þing- og forsetakosningum á fyrri hluta næsta árs.

Bráðabirgðastjórnin birti þessa áætlun á mánudag, nokkru eftir blóðbaðið fyrir utan bækistöðvar sérsveita hersins í Kaíró, þar sem meira en fimmtíu manns létu lífið.

Talsmaður Aldí Mansúrs forseta skýrði síðan í gær frá því að Hasem el Beblaví verði forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar og Múhamed el Baradei aðstoðarforsætisráðherra.

Flokkur harðlínuíslamista, al Núr, sagðist hins vegar enn vera að skoða hvort hann geti sætt sig við að el Baradei verði í embættinu. Um helgina kom Al Núr í veg fyrir að el Baradei yrði forsætisráðherra. Loks skýrði stjórn Sádi-Arabíu frá því í gær að Egyptaland fái fimm milljarða dala, jafnvirði 640 milljarða króna, í fjárhagsaðstoð frá þeim. **- gb**



**VILJA MORSI AFTUR** Bræðralag múslima og aðrir stuðningsmenn Morsis ætla ekki að láta undan. NORDICPHOTOS/AFP



# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Þorleifur og Sjöfn rækta kínakál á garðyrkjustöðinni Gróðri á Flúðum. Það var þó ekki ætlunin að gerast garðyrkjubændur því hjónin eru bæði menntaðir kennarar. Þau segjast samt ekki sjá eftir að hafa farið út í garðyrkju. Starfið sé svo gefandi og þeim leiðist aldrei í vinnunni. Á staðnum vinna 6 manns á veturna en á sumrin allt að 15 manns.




ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 07/10 - Ljósmyndir: Hari

## SVONA ERUM VIÐ



**7.715 heimili fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga árið 2011.**

**Hafði þá heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 805 frá árinu áður og um 1.721 frá 2009.** Fjölmennustu hóparnir sem fengu fjárhagsaðstoð 2011 voru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar og einstæðar konur með börn.

*Heimild: Hagstofan*

Lög um helgidagafrið stangast á við rétt manna til tjáningar- og fundafrelsis:

# Máli vísað frá þrátt fyrir játningu

**LÖGREGLUMÁL** Meðlimur lífsskoðunarfélagsins Vantrúar var ekki ákærður þrátt fyrir að hafa gengist við því hjá lögreglu að hafa stýrt bingóspili á föstudaginn langa. Slíkt háttalag er bannað samkvæmt lögum um helgidagafrið.

„Ég vildi fá á hreint hver lagaleg staða bingósins var svo ég sendi lögreglustjóra bréf sem innihélt játningu mína um að hafa tekið þátt í ólögmætu athæfi. Lögreglustjórinn vísaði hins vegar málinu frá og ég kæri þá ákvörðun til ríkissaksóknara. Þaðan fékk ég svo svar í bréfi,“ segir Svavar Kjarrval Lúthersson bingóspilari.



**SVAVAR KJARRVAL LÚTHERSSON**

Í bréfinu frá ríkissaksóknara segir meðal annars að umrædd háttsemi kæranda, og eftir atvikum annarra sem stóðu að páskabingóinu, verði fyrst og fremst virt sem liður í stjórnarskrárvörðum rétti manna til tjáningar- og fundafrelsis.

Svavar segir að samkvæmt þessu hljóti að mega skoða það fyrir alvöru hvort lögin séu ekki úrelt þar sem þau stangist á við önnur lögvarin réttindi fólks.

„Þau eru löngu úrelt, það er einmitt það sem við erum búnir að vera að benda á. Lögreglan bregst ekki við þessu lögbroti og það er athyglisvert á margan hátt,“ segir Svavar. **- mlþ**

Lögregluskólinn í Svíþjóð:

# Skjóta verr en amerískir

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir lögreglunemar standa sig talsvert verr á prófum í skotfærni en lögreglunemar í Bandaríkjunum og Kanada. Um 95 prósent nemanna í Bandaríkjunum og Kanada, þar sem slíkt nám er erfiðara, standast prófið en í Svíþjóð aðeins 60 til 70 prósent samkvæmt Dagens Nyheter.

Talsmaður lögregluskóla í Stokkhólmi segir að munurinn kunni að stafa af því að nemar í Bandaríkjunum og Kanada fái að hleypa oftar af skotum. **- ibs**

38 ára karlmaður ákærður:

# Myrti Sigrid til að leyna ráninu

**NOREGUR** 38 ára karlmaður hefur verið ákærður fyrir morðið á 16 ára norskri stúlku, Sigrid Giskegjerde Schjetna, sem hvarf að kvöldi til í ágúst í fyrra þegar hún var á leið heim til sín í Østensjø í Ósló. Lík hennar fannst tæpum mánuði síðar í skógi í nágrannasveitarfélagi.



**SIGRID GISKEGJERDE SCHJETNA**

Tveir karlmenn, 38 ára og 65 ára, voru handteknir vegna málsins en sá eldri var látinn laus í nóvember. Hinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því að hann var handtekinn.

Greint var frá því á blaðamannafundi á mánudag að hinn ákærði hefði ekið með Sigrid í bíl sínum að lagerbyggingu og komið henni fyrir í húsvagni sem var inni í byggingunni. Þar hafi hún margsinnis verið beitt ofbeldi. Morðið hafi verið framið til þess að leyna því að stúlkunni hefði verið rænt og haldið fanginni. **- ibs**

## LEIÐRÉTT

Matthías Nardeu var rangnefndur á blaðsíðu 14 í mánudagsblaðinu 8. júlí. Í sömu grein var sagt að Hlíf Sigurjónsdóttir væri ein af þremur börnum Sigurjóns Ólafssonar og Birgittu Spur en hún er ein af fjórum. Hlutaðeigendur og lesendur eru beðnir fyrirgefningar á mistökunum.

Í myndatexta á bls. 19 í helgarblaðinu 6. júlí misritaðist eftirnafn eins hönnuðarins, Jóns Sólmundssonar. Beðist er velvirðingar á því.

Rangt var farið með nafn sonar kvikmyndagerðarkonunnar Valdísar Óskarsdóttur í blaði gærdagsins. Hann heitir Davíð Óskar Ólafsson, en ekki Davíð Örn Óskarsson.

# Sátt er forsenda farsældar

**Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur staðfest lög um veiðigjöld. Lögin fela ekki í sér grundvallarbreytingu á lýðræðisskipan og afdrifaríkt yrði ef lögum um skattlagningu yrði vísað til þjóðarinnar, segir hann.**

**BESSASTAÐIR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, staðfesti í gær lög um sérstakt veiðigjald. Í þeim felst að fallið verður frá fyrirhugaðri hækkun gjaldanna. Forsetinn tilkynnti þetta á blaðamannafundi í gær.

Síðastliðna helgi voru honum afhentar undirskriftir tæplega 35 þúsund Íslendinga sem hvöttu forsetann til að synja lögunum staðfestingar og vísa þeim í þjóðaratkvæði.

Forsetinn segir að í þau skipti sem hann hefur nýtt sér málskotsrétt sinn hafi þau lög varðað grundvallaratriði í lýðræðisskipan eða efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga. Með lögum um sérstakt veiðigjald sé hins vegar hvorki verið að breyta skipan fiskveiðistjórnunarkerfisins né feli þau í sér afnám gjaldsins. Þetta, og ýmis önnur atriði, hafi haft áhrif á ákvörðun hans.

> **Sátt um nýtingu höfuðauðlindar Íslendinga er í senn forsenda farsældar í framtíðinni og siðferðileg skylda okkar allra**
>
> *Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands*

Á fundinum lagði hann áherslu á að ef vísa ætti máli sem þessu, sem varðar meðferð í skattlagningu, til þjóðarinnar fæli það í sér afdrifaríkt fordæmi sem ríkja yrði um víðtæk þjóðarsátt. Hann vísaði í frumvarp stjórnlagaráðs þar sem fram kemur að ekki þyki við hæfi að mál sem varði skattlagningu fari í þjóðaratkvæði.

„Sátt um nýtingu höfuðauðlindar Íslendinga er í senn forsenda farsældar í framtíðinni og siðferðileg skylda okkar allra,“ sagði forseti og hvatti því stjórnvöld til þess að kappkosta að tryggja hana.

Fjöldi undirskrifta sem söfnuðust sýnir að „almenningur hefur ríkan vilja og réttlætiskennd í málinu“, sagði forseti en hann tók jafnframt fram að málskotsréttur forseta væri ekki sjálfvirkt tæki þar sem fjöldi undirskrifta réði úrslitum. Í raun þyrfti engar undirskriftir til þess að forseti gæti nýtt sér málskotsrétt sinn. **nannae@frettabladid**



**STAÐFESTI LÖGIN** Ólafur Ragnar sagði að það hefði verið afdrifaríkt fordæmi að synja lögum um skattlagningu staðfestingar. Um slíkt yrði að ríkja víðtæk sátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ➜ Sorglegt

„Mér finnst afskaplega sorglegt að forsetinn skuli ekki standa með þjóð sinni í þessu máli,“ segir **Ísak Jónsson** sem, ásamt Agnari Kristjáni Þorsteinssyni, stóð að undirskriftasöfnuninni. „Við reyndum að fá okkar fram í þessu máli og það reyndu tugþúsundir annarra. En nú er þetta bara komið í þennan farveg og ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.“



### ➜ Kemur ekki á óvart

„Það er ekki nein ein lína sem liggur í gegnum þær röksemdafærslur sem hingað til hefur verið fyrir synjunum forsetans og því kemur þetta mér ekkert sérstaklega á óvart frekar en hvað annað,“ segir **Katrín Jakobsdóttir**, formaður Vinstri grænna.



„Mér finnst þetta fyrst og fremst sýna að það er mjög mikilvægt að setja þjóðaratkvæðagreiðslum miklu skýrari ramma og að tiltekinn hluti kosningabærra manna geti sent mál í þjóðaratkvæðagreiðslu fremur en að ákvörðunin hangi svona á einum manni.“

### ➜ Gjald, ekki skattur

„Það er ekki góðs viti að í yfirlýsingunni sé ekki sé meiri skilningur á séreðli afgjalds fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum,“ segir **Árni Páll Árnason**, formaður Samfylkingarinnar.



„Hér er um að ræða sérleyfi til að nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og afgjald fyrir það er ekki skattur,“ segir Árni Páll sem telur forsetann ganga ansi langt með því að halda því fram að ekki sé til neitt sem heiti auðlindarenta.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
3-8 m/s.




**Föstudagur**
5-10 m/s.

**VÆTA Í KORTUNUM** Það verður lengst af sól og blíða á austanverðu landinu á morgun. Annars staðar verður rigning eða skúrir og á föstudag verður einhver væta í allflestum landshlutum. Kólnandi veður á morgun.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Billund | 22° | Gautaborg | 20° | London | 23° | Orlando | 31° | San Francisco | 19° |
| Basel | 28° | Frankfurt | 27° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 29° | Ósló | 22° | Stokkhólmur | 17° |
| Berlín | 23° | Friedrichshafen | 27° | Las Palmas | 29° | New York | 28° | París | 27° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# BÍLA KAFFI

## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG




**NISSAN QASHQAI DÍSIL**
**4.990 þús. kr.**

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá **4,6 l/100 km***

DÍSIL




**RENAULT MEGANE DÍSIL**
**3.290 þús. kr. beinskiptur**

3.590 þús. kr. sjálfskiptur dísil.
Lægsti $CO_2$ útblástur í flokknum 90 g/km.

Eldsneytisnotkun frá **3,2 l/100 km***

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

DÍSIL




**SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR**
**5.390 þús. kr.**

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp" búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá **5,5 l/100 km***



**NISSAN JUKE**
**3.990 þús. kr.**

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar.
Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá **5,2 l/100 km***

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í langkeyrslu

ENNEMM / SÍA / NM58538

B|L
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070



**1.** Hálfbróðir hvaða einræðisherra lést í fyrradag?
**2.** Í hvaða íslenska fyrirtæki hefur danska félagið Semler keypt helmingshlut?
**3.** Hvaða íslenski leikari mun leika í Hollywood-mynd um Drakúla?

**1. SADDAMS HUSSEIN 2. HEKLU 3. PORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON**

Starfsmaður á frístundaheimili fundinn sekur um vörslu barnakláms og tölva hans gerð upptæk:

# Eins mánaðar skilorð fyrir barnaklám

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt rúmlega sextugan starfsmann á frístundaheimili í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið til tvegja ára, fyrir að hafa haft barnaklám í sinni vörslu, samtals 160 ljósmyndir og fimm hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Maðurinn játaði sök skýlaust fyrir dómara. Hann þarf að greiða verjanda sínum 200 þúsund krónur auk þess sem tölva hans hefur verið gerð upptæk.

Fram kom í Fréttablaðinu í júní að lögregla lagði upphaflega hald á tölvu mannsins í júlí í fyrra, eftir að tveir menn, sem höfðu ráðist á hann, bundið, keflað og rænt, tjáðu lögreglu að þeir hefðu gert það vegna þess að hann væri „barnaperri“. Þeir fengu síðar þunga fangelsisdóma fyrir árásina.

Maðurinn var hins vegar ekki handtekinn fyrr en í desember. Hann hafði tekið sér veikindaleyfi vegna árásarinnar í millitíðinni en snúið aftur til starfa nokkrum dögum áður en hann var handtekinn. Maðurinn hefur undanfarin ár starfað sem verkefnisstjóri á barnasviði frístundaheimilis fyrir börn og unglinga. Hann hefur verið í launuðu leyfi síðan málið kom upp. **- sh, vg**



**JÁTAÐI** Maðurinn gekkst við því að hafa átt myndefnið. Hann hefur verið í launuðu leyfi síðan í desember.

Dæmdur til fangelsisvistar:

## Tilhæfulaus og gróf líkamsárás

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir líkamsárás í fyrrahaust. Hann sló mann í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á efri vör sem var um 1,5 sentímetri að lengd og gapti talsvert, eins og segir í dómnum.

Hann er dæmdur til að greiða þolandanum 190 þúsund krónur í bætur. Við ákvörðun miskabótanna var litið til þess að „árásin hafi verið tilhæfulaus og gróf og megi telja mildi að ekki fór verr“. **- nej**



**VEÐURKERFI** Skemmtiferðaskipið Celebrity Eclipse lagði að bryggju um hádegi í gær. Þokubakki sem lá yfir bryggjunni lagðist snyrtilega yfir skipið fljótlega eftir að það lagði að bryggju, eins og risavaxið skipið hefði sitt eigið veðurkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Farþegafjöldinn á við alla íbúa Selfoss

Um 6.600 farþegar komu á höfuðborgarsvæðið í gær með fimm skemmtiferðaskipum sem lögðust að bryggju. Skilja um 82 milljónir eftir í landinu eftir daginn.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fimm skemmtiferðaskip voru í höfn á höfuðborgarsvæðinu í gær. Fleiri hafa þau ekki verið á einum degi það sem af er sumri, og verða ekki fleiri ef marka má dagskrá Faxaflóahafna.

Um borð í skipunum fimm eru ríflega 6.600 farþegar og um 2.800 í áhöfn. Farþegarnir eru álíka margir og íbúar Selfoss. Stór hluti farþeganna fer í rútuferðir á meðan skipin eru í höfn, gjarnan gullna hringinn, en Bláa lónið, Hengillinn og aðrir minna sóttir staðir heilla líka.

Erfitt er að segja til um hversu hárri upphæð farþegar skemmtiferðaskipa eyða hér á landi. Rannsókn frá árinu 2010 sýndi að ferðamenn í dagsferðum eyddu þá að meðaltali um 12.500 krónum. Samkvæmt því eyddu ferðamennirnir um 82 milljónum í gær.

**brjann@frettabladid.is**






**VALDIS DOMBROVKIS** Forsætisráðherra Lettlands ávarpar blaðamenn í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lettland verður evruríki:

## Tekur upp evru um áramótin

**BRUSSEL** Lettland verður átjánda ríki Evrópusambandsins til að taka upp evruna. Það gerist um næstu áramót, þann 1. janúar.

Fjármálaráðherrar ESB samþykktu þetta á fundi sínum í Brussel í gær í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Evrópuþingið samþykkti það fyrir sitt leyti 3. júlí og Seðlabanki ESB gaf sitt samþykki 5. júlí.

Fjármálaráðherrarnir segjast engar áhyggjur hafa af því að evrusvæðið stækki nú á tímum erfiðleika einstakra ríkja á evrusvæðinu. Lettland hafi uppfyllt öll efnahagsleg skilyrði til þess að taka upp evruna. **- gb**

Vilja taka þátt í heræfingum:

## Svíar vilja starfa með NATO

**SVÍÞJÓÐ** Í bréfi til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, NATO, lýsa sænsk stjórnvöld yfir áhuga á heræfingum með bandalaginu. Jafnaðarmannaflokkurinn hefur gefið stjórnvöldum grænt ljós samkvæmt upplýsingum frá varnarmálaráðuneytinu sem sænskir fjölmiðlar vitna í.

Varnarmálaráðherra Svíþjóðar segir markmiðið vera að auka samvinnuna við NATO og umfram allt að geta tekið þátt í viðamiklum heræfingum. **- ibs**



**GEKK MEÐ KÚREKAHATT** Bin Laden skýldi sér þannig fyrir myndavélum gervihnatta. NORDICPHOTOS/AFP

Nefnd um dráp bin Ladens:

## Sakar yfirvöld um vanhæfni

**PAKISTAN** Pakistönsk stjórnvöld, einkum leyniþjónusta hersins, eru sökuð um vanhæfni í tengslum við leitina að Osama bin Laden og drápið á honum í Abottabad vorið 2011.

Pakistönsk rannsóknarnefnd hefur sent frá sér 336 blaðsíðna skýrslu um málið, sem arabíska fréttastofan Al Jazeera hefur birt.

Í skýrslunni koma fram margvíslegar upplýsingar um daglegt líf bin Ladens í Abottabad, þar sem hann leyndist síðustu árin. Meðal annars kemur fram að hann hafi iðulega gengið um með kúrekahatt þegar hann brá sér út í garð. Það hafi verið til þess að hann þekktist síður á ljósmyndum úr gervihnöttum. **- gb**

ED DU MED DÍBBLAD NEB?




ÁN ROTVARNAR-EFNA

Þarftu að losa um stífluna?
Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

DYNAMO REYKJAVÍK

# TAX FREE DAGAR



## AFNEMUM VSK
ALLAR **ÚTILEGUVÖRUR**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*





## AFNEMUM VSK
**SUMARLEIKFÖNG**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

Gildir til 14. júlí á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Örlög Snowdens enn óráðin þrátt fyrir fullyrðingar um hæli í Venesúela:

# Þingmaður misskildi fréttir

**RÚSSLAND, AP** Óljóst var í gær hvort bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden hefði þegið boð um hæli í Venesúela.

Rússneski þingmaðurinn Alexei Púshkov fullyrti það á Twitter-síðu sinni, en sagðist síðar hafa þær upplýsingar eftir rússnesku sjónvarpsstöðinni Vesti. Samkvæmt upplýsingum frá Vesti virðist Púshkov þó hafa misskilið frétt stöðvarinnar.

Nicolas Maduro, forseti Venesúela, staðfestir hins vegar að Snowden hafi óskað eftir hæli. Maduro hafði áður boðið Snowden hæli í landinu, en átti eftir að fá fréttir af því hvort hann myndi þiggja það.

Snowden er, eftir því sem best er vitað, enn á flugvellinum í Moskvu eftir að hafa ljóstrað upp um stórfelldar gagnanjósnir bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar, NSA.

Bólivía og Níkaragva hafa einnig samþykkt að veita honum hæli. Mikill stuðningur er við Snowden meðal stjórnvalda margra Suður-Ameríkuríkja, ekki síst eftir að forseti Bólivíu var neyddur til að lenda í Austurríki á leið sinni frá Moskvu til Bólivíu í síðustu viku. - gb



**MÓTMÆLI Í BÓLIVÍU** Mótmælendur brenndu líkneski af Barack Obama Bandaríkjaforseta á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KALLIÐ BERST** Redouane Adam Anbari kallar hér á trúbræður til bænastundar í Menningarsetrinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



**BÆNAPRESTUR LEIÐIR TRÚBRÆÐUR Í BÆN** Ahmad Taha Seddeeq segir það ekki tiltökumál að þreyja föstuna í ramadan á miðju íslensku sumri.

# Hvorki vott né þurrt frá árroða til nætur

Múslimum fer sífellt fjölgandi hér á landi samkvæmt tölum Hagstofu. Nú eru 770 skráðir í þau tvö íslömsku trúfélög sem starfrækt eru hér á landi. Nú bíður fastan þessara trúbræðra og -systra þar sem reyna mun á þolinmæðina.

**TRÚMÁL** Við birtingu í dag hófst ramadan, föstumánuður múslima. Það var því mikið um að vera í Menningarsetri múslima í Skógarhlíð í gær en þá komu trúbræður saman til bænastundar og neyttu síðustu máltíðar fyrir föstu.

„Þetta er mánuður tileinkaður þolinmæði og svo Kóraninum,“ segir Ahmad Taha Seddeeq bænaprestur. „Það reynir vissulega á þolinmæðina með því að neita sér um mat og drykk og eins samneyti við eiginkonuna, sem líðst heldur ekki í ramadan. En það minnir okkur einnig á að ef við höfum þolinmæði getum við komið ýmsu til leiðar. Hinir óþolinmóðu áorka hins vegar afar litlu. Svo var það í þessum mánuði þegar Kóraninn opinberaðist Múhameð svo við tileinkum þessum mánuði líka okkar helgu bók.“

Vissulega hljómar það óheppilega að þreyja ramadan, þar sem ekki má fá sér vott né þurrt frá dögun til sólarlags, á íslensku hásumri. Seddeeq gerir hins vegar ekki mikið úr því.

„Reyndar megum við næra okkur að nóttu þó sólin hverfi ekki hér við norðurheimskautið en föstutíminn er þó vissulega lengri hér en í Egyptalandi, þaðan sem ég er. En á móti kemur að hitinn er svo mikill í mínu föðurlandi að maður vill strax fara að svala sér eftir tvo tíma en það er ekki reyndin hér á Íslandi.“

Rúmlega 300 trúbræður eru á skrá hjá Menningarsetrinu og segir Seddeeq að Íslendingum fjölgi sífellt í þeirra röðum. „Á hverjum föstudegi sé ég nýtt íslenskt andlit,“ segir hann. En það eru ekki aðeins trúbræður sem ætla að fylgja föstusiðum múslima því Seddeeq segist einnig vera að segja Íslendingi til sem vilji fasta með þeim þó enn sé hann ekki íslamstrúar. jse@frettabladidis



**FRÁ BÆNASTUND Í MENNINGARSETRINU** Trúbræður leggjast á bæn. Þeirra bíður nú mánuður sem reynir á þolrifin.

## Múslimum fjölgar á Íslandi

Múslimum fer sífellt fjölgandi hér á landi. Árið 2006 var hér eitt íslamskt trúfélag, Félag múslima á Íslandi. Félagar þess voru þá 340 talsins. Í dag eru þeir 465. Menningarsetur múslima leit dagsins ljós árið 2010 og þá voru þar 218 á skrá. Nú eru þeir rúmlega þrjú hundruð. Það eru því 770 múslimar skráðir í trúfélög hér á landi.

# LITAGLEÐI

## Í FERÐALAGIÐ



**VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ**

VÍKUR
V • E • R • K

VIKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 10 TIL 18 • LAUGARDAGA 12 TIL 16

# ALLT Á AÐ SELJAST

LAGERHREINSUN



**ÞÚ SPARAR 21.000 KR.**

Vnr. 50630082
Excel 200 gasgrill, tvöfaldur álbrennari 6,2 kW. Eldunarsvæði 49,5x35 cm og neistakveikikerfi.

**24.990 kr.**

FULLT VERÐ: 45.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 30.000 KR.**

Vnr. 50630080
Cook Dome kolagrill, 57 cm.

**19.990 kr.**

FULLT VERÐ: 49.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 7.000 KR.**

Vnr. 49620053-4
EXCEL reiðhjól, 24", 21 gír, rautt og svart eða blátt eða svart.

**31.990 kr.**

FULLT VERÐ: 38.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 11.000 KR.**

Vnr. 49620055
LUXUS reiðhjól, 26", 21 gír.

**34.990 kr.**

FULLT VERÐ: 45.990 kr.

## ALNUS GIRÐINGAEININGAR

Vnr. 0291424
ALNUS girðingaeiningar 900x1800 mm, brúnt.

**6.390 kr.**

FULLT VERÐ: 7.990 kr.

Vnr. 0291426
ALNUS girðingaeiningar 1800/900x900 mm, brúnt.

**6.290 kr.**

FULLT VERÐ: 7.890 kr.

Vnr. 0291438
ALNUS girðingaeiningar 1800x1800 mm, brúnt

**9.790 kr.**

FULLT VERÐ: 13.990 kr.

Vnr. 0291425
ALNUS girðingaeiningar 1800x900 mm, brúnt.

**6.790 kr.**

FULLT VERÐ: 8.690 kr.



**ÞÚ SPARAR 1.600 KR.**

**ÞÚ SPARAR 1.600 KR.**

**ÞÚ SPARAR 4.200 KR.**

**ÞÚ SPARAR 1.900 KR.**



**ÞÚ SPARAR 3.000 KR.**

Vnr. 0291540
Garðstóll, gagnvarin, græn fura.

**9.990 kr.**

FULLT VERÐ: 12.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 300 KR.**

Vnr. 0291480
Stiklur, 600x600 mm, fura.

**990 kr.**

FULLT VERÐ: 1.290 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 41616004
HERITAGE stóll og sessa, acacia harðviður.
6.990 kr.
FULLT VERÐ: 7.990 kr.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Vnr. 41616070
Vatnshelt sessubox, acacia harðviður með sessu, stærð 500x1280 mm.
26.990 kr.
FULLT VERÐ: 32.990 kr.

ÞÚ SPARAR 6.000 KR.

# LAGERHREINSUN

## Á SUMARVÖRUM

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

ÞÚ SPARAR 25.000 KR.



Vnr. 41622139
RATTAN garðsett 2 stólar og borð með glerplötu.
34.990 kr.
FULLT VERÐ: 59.990 kr.

ÞÚ SPARAR 3.000 KR.



Vnr. 41616075
LANGLEY stóll.
6.990 kr.
FULLT VERÐ: 9.990 kr.

ÞÚ SPARAR 600 KR.



Vnr. 41622129
STEEL RATTAN hliðarborð, 60x60 cm.
5.390 kr.
FULLT VERÐ: 5.990 kr.

ÞÚ SPARAR 10.000 KR.

BOSCH
Vnr. 74891237
BOSCH rafmagnssláttuvél með lithium rafhlöðu, sláttubreidd 37 cm, sláttuhæð 20-70 mm, stærð safnpoka 40 l.
69.990 kr.
FULLT VERÐ: 79.990 kr.



ÞÚ SPARAR 2.600 KR.



Vnr. 41622106
Sólbekkur, plast/ bast, svartur.
6.390 kr.
FULLT VERÐ: 8.990 kr.

ÞÚ SPARAR 7.000 KR.



Vnr. 41622110
Ál sólbekkur með höldum, svartur.
14.990 kr.
FULLT VERÐ: 21.990 kr.



ÞÚ SPARAR 500 KR.

Vnr. 54930961
DAYE vatnskanna, 1,6 l.
490 kr.
FULLT VERÐ: 990 kr.



ÞÚ SPARAR 8.000 KR.

Vnr. 41622137
Sólhlíf á fæti 300.
8.990 kr.
FULLT VERÐ: 16.990 kr.



ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Vnr. 41622138
Sólhlíf 200x300 cm.
Ekki með fæti.
4.990 kr.
FULLT VERÐ: 5.990 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Á að vernda suma staði fyrir ferðaþjónustu?

# Gróðinn og griðastaðirnir

Að undanförnu hefur fólk í vaxandi mæli áttað sig á þeim hættum og vandamálum, sem fylgja tækifærunum í örri uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi.

Viðkvæm náttúra liggur víða undir skemmdum vegna átroðnings ferðamanna, samgöngukerfið er undir miklu álagi með tilheyrandi slysahættu, útköllum björgunarsveita hefur snarfjölgað og þannig mætti áfram telja. Þörfin á skýrri stefnumótun til langs tíma um það hvernig á að standa að uppbyggingu ferðaþjónustunnar verður æ augljósari.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Tveir guðfræðingar, þau Hjalti Hugason og Sigrún Óskarsdóttir, brydda upp á nýjum anga þessarar umræðu í aðsendri grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Þar fjalla þau um áform um að reisa í Skálholti tilgátuhús, einhvers konar endurgerð einnar hinna risastóru timburdómkirkna sem þar stóðu á miðöldum. Áformin eru samstarfsverkefni þjóðkirkjunnar, sem er eigandi Skálholts, og fjárfesta í ferðaþjónustu. Markmiðið er að gera Skálholt að fjölsóttum ferðamannastað.

Talsmenn hugmyndarinnar hafa bent á að Skálholt sé í hjarta helzta ferðamannasvæðis landsins, skammt frá höfuðborgarsvæðinu. Hin gríðarlega fjölgun ferðamanna geri framkvæmdina að raunhæfum möguleika; með meira en 600 þúsund erlendum ferðamönnum sé orðinn til markaður sem geri kleift að byggja kirkjuna og reka á arðbæran hátt.

Og vissulega getur slíkt verkefni orðið arðbært. Hjalti og Sigrún benda hins vegar á hina hlið málsins: „…Skálholt hefur fest sig í sessi sem kirkjulegt menningarsetur. Þau eru fjöldamörg sem vitna um að þar hafi gefist dýrmæt hvíld, endurnæring og uppbygging. Staðsetningin utan skarkala daglegs lífs, helgihald, fræðsla og umhverfið allt hjálpar til að svo megi verða.“

Þetta er nefnilega rétt. Skálholt er sjaldgæfur griðastaður þar sem náttúra, arkitektúr, saga og helgi staðarins sameinast um að búa til einstaka upplifun. Og talsvert til í því sem guðfræðingarnir segja; að áform um að laða þangað nokkur hundruð þúsund túrista fela í sér „afhelgun“ staðarins.

„Ef áform um „miðaldakirkju“ verða að veruleika mun veraldlegur rekstur, veitinga-, lopapeysu-, lunda- og önnur minjagripasala taka yfir,“ skrifa Hjalti og Sigrún.

Hugmyndin um að byggja tilgátuhús, sem sýnir hvernig dómkirkjur í Skálholti litu kannski út fyrr á öldum, er alls ekki slæm. Og ekki heldur að gera úr slíku húsi fjölsótta ferðamannagildru. En hún á þá heima einhvers staðar annars staðar, hugsanlega í nágrenni Skálholts, en ekki ofan í Skálholtsstað. Við höfum fordæmi fyrir slíku í Þjórsárdal, þar sem byggt var tilgátuhús, Þjóðveldisbærinn svokallaði, en ekki á Stöng þar sem rústin fannst sem hann er sniðinn eftir, heldur talsvert frá hinum raunverulegu fornminjum. Slíkan stað ætti að finna miðaldakirkjunni og misheppnað tilgátuhús sem fyrir er í Skálholti, Þorláksbúð, mætti gjarnan fara með þegar sá staður er fundinn.

Það búa mikil verðmæti, andleg og söguleg, í stöðum eins og Skálholti. Að minnsta kosti sumir slíkir staðir verða að vera utan seilingar fjöldatúrismans; annars spillast þau verðmæti. Grein þeirra Hjalta og Sigrúnar er þörf áminning um það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Norska vottunin

Myndskeið af harkalegri handtöku í miðbæ Reykjavíkur hefur farið sem eldur í sinu um netið liðna daga og sýnist sitt hverjum um það sem þar gefur að líta. Sumir telja lögreglumanninn hafa gengið allt of hart fram og á meðan þær ásakanir eru rannsakaðar er maðurinn í leyfi. **Snorri Magnússon**, formaður Landssambands lögreglumanna, er hins vegar ekki í nokkrum vafa um hið rétta í málinu. Ekkert hafi verið athugavert við handtökuna, enda hafi lögregluþjónninn beitt „viðurkenndri handtökuaðferð“. Og aðferðin er ekki bara viðurkennd, heldur er hún líka norsk. Málið hlýtur þar með að vera útrætt.

### Óheppilegt

Á myndskeiðinu sést hvar konan fellur með bakið á bekkjarhandrið við það að lögreglumaðurinn rykkir í hana. „Vissulega er það óheppilegt að þessi bekkur skuli vera þarna á Laugaveginum og fyrir það lítur atvikið verr út en ella,“ sagði Snorri í fréttum Stöðvar 2 í gær. Það var nefnilega það. Árans bekkurinn.



### Ekkert málþóf

Athyglisverð var yfirlýsing **Ólafs Ragnars Grímssonar**, forseta Íslands, um að Alþingi hafi ekki haft ýkja mikinn áhuga á veiðigjaldafrumvarpinu, sem hann ákvað að staðfesta með undirskrift sinni í gær. Ólafur vísaði til þess að þriðja umræða um málið í þinginu hafi staðið stutt, og miklum mun skemur en umræðurnar um fjölmiðlalögin og Icesave á sínum tíma. Myrkvast nú enn mál öll sem tengjast 26. grein stjórnarskrárinnar. Forsetinn neitar sem sagt bara að staðfesta lög ef það er gjá á milli þings og þjóðar, að því gefnu að stjórnarandstaðan hafi vit á að halda uppi málþófi – og ef honum sýnist svo sjálfum? Eða eru skilyrðin fleiri? Og jafnvel enn óskýrari?



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Apabúrið

STJÓRNMÁL



Silja Dögg Gunnarsdóttir

þingmaður Framsóknarflokks

Afi minn horfir reglulega á útsendingar frá Alþingi. Hann er með dyggari áhorfendum. Hann talar yfirleitt um Alþingi sem apabúrið. Ég verð að viðurkenna að þessi samlíking særði mig örlítið eftir að ég hlaut kosningu sem alþingismaður. Ákall um betri ásýnd Alþingis hefur verið hávært og mér heyrðist fyrir kosningar að allir flokkar væru einhuga um að svara því kalli. Ég hugsaði því með mér þegar afi kallaði Alþingi enn einu sinni apabúrið að ég ætlaði nú aldeilis að sýna honum að svona yrði þetta ekki. Nú væru breyttir tímar runnir upp.

### Lifandi umræða

Við síðustu þingsetningu tóku rúmlega 40% þingmanna sæti á Alþingi í fyrsta sinn. Við fengum í upphafi kynningu á störfum Alþingis og spurðum nánast öll út í frammíköllin og um reglur um hegðun í þingsal, því öll vildum við jú standa okkur vel. Við fengum þau svör að frammíköll væru leyfileg en þau ættu að vera örstutt og helst hnyttin. Þau hleyptu lífi í umræðuna og því vildu menn ekki banna þau. Gott og vel.

### Ein af öpunum

Þinghald hófst. Það fór kröftuglega af stað. Gagnrýnisraddir um svikin kosningaloforð strax í fyrstu viku þingsins voru háværar. Mikil gagnrýni var á forgangsröðun nýrrar ríkisstjórnar og svo framvegis. Þegar leið á þingið versnaði heldur í því. Apabúrið birtist ljóslifandi og því miður var ég ein af öpunum í búrinu. Ég var ekki stolt. Ég vil þó ekki setja alla undir sama hatt. Þingmenn Samfylkingarinnar höguðu sér langverst í þingsal. Stundum heyrðist ekki í ræðumönnum vegna frammíkalla þingmanna Samfylkingarinnar. Oft voru frammíköllin, að mínu mati, alveg á mörkunum að vera dónaleg.

**➜ Þegar leið á þingið versnaði heldur í því. Apabúrið birtist ljóslifandi og því miður var ég ein af öpunum í búrinu. Ég var ekki stolt.**

Hinir nýju þingmenn litu hver á annan og trúðu varla sínum eigin eyrum. Þingmenn Samfylkingar eru allir „reynslumiklir“ þingmenn og því velti því fyrir mér hvort sú reynsla sé til bóta. Þeir virðast allavega eiga mjög erfitt með að bæta hegðun sína í þingsal.

Þingmenn verða að standa saman í að bæta ásýnd Alþingis. Það er ekki verkefni ríkisstjórnarinnar heldur ALLRA þingmanna. Skiptumst á skoðunum, en verum kurteis, jákvæð og málefnaleg.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Engir tveir nemendur eru eins

MENNTUN



Guðrún Helga Sederholm
MSW fræðslu-og skólafélagsráðgjafi, náms-og starfsráðgjafi og kennari

Undanfarið hefur verið bent á að þjónusta þurfi nemendur í framhaldsskólum betur en gert hefur verið þegar kemur að persónulegum málum þeirra. Eitthvað hefur verið um að skólameistarar hafi brugðist við þessu með því að fá sálfræðinga til að þjónusta nemendur. Umræðan er komin af stað og er það gott með tilliti til nemenda. Ég hef verið óþreytandi í að benda stjórnvöldum og öðrum á mikilvægi þess að nemendum gefist kostur á slíkri þjónustu nú síðast í mars og apríl birtust greinar eftir mig um einmitt þetta hér í Fréttablaðinu.

Ég hef farið á fund fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, með erindið, var kölluð fyrir menntamálanefnd Alþingis, 17. mars 2008, til að veita ítarlegar upplýsingar vegna frumvarpa sem voru til umræðu um leik-, grunn- og framhaldsskólalög. Formaður nefndarinnar, Sigurður Kári Kristinsson, sagði eftir að hafa hlýtt á orð mín, að nefndin þyrfti greinilega að skoða ráðgjafarmál í skólum enn frekar. Margar álitsgerðir hef ég skrifað og skilað til Alþingis og aldrei legið á skoðun minni þegar ég hef unnið að stofnun og þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir menntamálaráðherra, Svavar Gestsson og Björn Bjarnason, með tíu ára millibili, alltaf lagt áherslu á að þjónusta þyrfti nemendur í persónulegum málum ekki síður en í námstengdum málum.

**Þarf rétta greiningu**

Nemandi sem á í erfiðleikum í skóla þarf að fá rétta greiningu á vanda sínum, hvort sem hann er námstengdur eða af öðrum orsökum. Hingað til hefur aðeins verið boðið upp á náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, innan skólans, sem er gott í sjálfu sér en engan veginn nægjanlegt til að tryggja öryggi og velferð nemandans.

Nú hafa augu skólameistara opnast en nokkrir þeirra og nokkrir skólastjórar grunnskóla hafa valið að ráða félagsráðgjafa í stöður náms-og starfsráðgjafa til að bregðast við þörf nemenda fyrir persónulegri ráðgjöf á undanförnum árum.

**➜ Rétt greining á vanda hans er frumskilyrði fyrir viðeigandi þjónustu. Skóli sem getur boðið nemendum upp á þjónustu félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa sýnir ábyrgð í verki.**

Starfslýsing félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði hefur verið til í nokkur ár og í henni segir m.a.: „Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti. Heildarsýn er leiðarljós í allri vinnu félagsráðgjafa. Hún felur í sér að gaumgæfa félagslegar, tilfinningalegar og námslegar aðstæður einstaklinga sem þeir vinna með hverju sinni.“ Hún fjallar um persónulega ráðgjöf, greiningu á vanda, skólaráðgjöf, forvarnir, foreldraráðgjöf og ráðgjöf við skólastjórnendur og kennara svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess sinna félagsráðgjafar allri almennri vernd barna og ungmenna og eru sérfræðingar á því sviði t.d. með þátttöku í stýrihópum, nefndum og ráðum sem fjalla um stefnumótun.

Vandi nemanda sem kvartar undan leti og einbeitingarskorti getur átt sér allt aðrar ástæður en námstengdar. Hann býr hugsanlega við ofbeldi, einelti, fátækt, sjálfsvígshugleiðingar, kvíða, þunglyndi, hefur verið nauðgað, er í neyslu og svo mætti lengi telja. Rétt greining á vanda hans er frumskilyrði fyrir viðeigandi þjónustu. Skóli sem getur boðið nemendum upp á þjónustu félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa sýnir ábyrgð í verki. Þá er nokkuð tryggt að nemandanum verður vísað í rétt úrræði ef ekki er hægt að fást við vandann innan skólans.

Ég leyfi mér að fullyrða, á grundvelli áratuga reynslu af vinnu með börnum og unglingum, að brottfall er beintengt þjónustuleysi á báðum skólastigum, grunn- og framhaldsskóla.

# Vindhögg

DÓMSMÁL



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
hæstaréttarlögmaður og verjandi annars sakborninga í máli Hæstaréttar nr. 215/2013.

Í síðasta helgarblaði DV var grein eftir Baldur Eiríksson, blaðamann útgáfufélagsins. Þar gerir blaðamaðurinn að umtalsefni dóm Hæstaréttar í máli nr. 215/2013, uppkveðinn 19. júní 2013, þar sem tveir menn voru réttilega sýknaðir af kynferðisbroti.

Í greininni víkur blaðamaðurinn að Hæstarétti og fjórum dómurum Hæstaréttar með órökstuddum fullyrðingum, hæpnum lagaskilningi og tilvitnunum í huglæga afstöðu nafngreindra einstaklinga og talsmanna hagsmunasamtaka. Þá finnst blaðamanninum það ljóður á dómurunum fjórum að vera karlkyns.

Blaðamaðurinn sá ekki ástæðu til þessa að leita til verjenda mannanna eftir viðbrögðum við dóminum eða til annarra sem hugsanlega eru annarar skoðunar en blaðamaðurinn og viðmælendur hans eins og vandaðir blaðamenn gera. Hvers vegna má merkja af fyrirsögn greinarinnar „Fornaldarleg viðhorf í kynferðisbrotamálum“, undirfyrirsögn „Fjórir karlkyns dómarar sýknuðu margdæmda brotamenn“ og millifyrirsögnum „Lítil réttarvernd/Hryllilegar lýsingar/Trúðu stúlkunni/Óvíst um bata/Aukaatriði aðalatriði/Ekki fyrir brotaþola og Femínistar ósáttir“. Það var því ekki ætlun blaðamannsins að skrifa hlutlæga grein um niðurstöðu Hæstaréttar í málinu.

**➜ Hér standa því órökstuddar staðhæfingar blaðamannsins og huglæg afstaða viðmælenda hans gegn vel- og ítarlega rökstuddum dómi Hæstaréttar sem sýknaði mennina réttilega af kynferðisbrotinu.**

Hér standa því órökstuddar staðhæfingar og huglæg afstaða viðmælenda hans gegn vel- og ítarlega rökstuddum dómi Hæstaréttar sem sýknaði mennina réttilega af kynferðisbrotinu. Óvönduð greinaskrif af þessu tagi kunna að vera til þess ætluð að hafa áhrif á skoðanir almennings eða koma sér í mjúkinn hjá eigendum umræðunnar um kynferðisbrotamál, en hafa að sjálfsögðu ekkert vægi gegn vel rökstuddri úrlausn Hæstaréttar.

Skrif blaðamannsins dæma sig því sjálf.

THULE SWEDEN
Burðarbogar
2 stk. 120cm langir
Vörunúmer: 761
Verð nú 6.995.-
Verð áður 8.995.-
Ath að festingar á myndinni fylgja ekki með.


Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/vorur/ferdavorur | stilling@stilling.is



## Happdrætti Gigtarfélags Íslands

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

**Útdráttur 4. júlí 2013**

**1.-3. Bifreiðar: Skoda Fabia Ambiente 1,2 TSI, sjálfskiptur hver að verðmæti kr. 2.870.000,-**

| | | |
|---|---|---|
| 11627 | 28347 | 38550 |

**4.-55. Ferðavinningur frá ferðaskrifstofunni Ferð.is til Krítar, hver að verðmæti kr. 190.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 123 | 8343 | 14877 | 23778 | 31924 | 47828 | 54308 | 56232 | 61227 | 69068 |
| 488 | 9619 | 16344 | 25405 | 37748 | 49350 | 55295 | 56399 | 61925 | 69867 |
| 808 | 12309 | 17312 | 26193 | 42449 | 49747 | 55367 | 60122 | 63168 | 72174 |
| 1450 | 14022 | 19662 | 28370 | 43725 | 51985 | 55418 | 60617 | 65409 | 74331 |
| 2374 | 14275 | 20238 | 31509 | 44460 | 52286 | 55828 | 60879 | 67752 | 74564 |
| 5050 | 14844 | | | | | | | | |

**56.-120. vinningur Dell inspiron 14z Ultrabook hver að verðmæti kr. 179.990,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 869 | 8593 | 16606 | 27694 | 33207 | 47305 | 52512 | 62824 | 70908 | 77824 |
| 1170 | 10229 | 16975 | 27916 | 35994 | 47653 | 52859 | 64255 | 72508 | 78144 |
| 3776 | 12004 | 17594 | 29162 | 36224 | 47787 | 55838 | 64514 | 74481 | 78425 |
| 5261 | 12039 | 17961 | 29226 | 37301 | 47901 | 59870 | 65378 | 74801 | |
| 5534 | 12320 | 20974 | 30661 | 37727 | 48941 | 60880 | 68135 | 76506 | |
| 5987 | 15133 | 21703 | 30919 | 43582 | 49596 | 61448 | 68230 | 76976 | |
| 6495 | 15277 | 22062 | 32310 | 44112 | 50781 | 62506 | 70340 | 77612 | |

**121.-210. vinningur Gjafakorti í Kringlunni hver vinningur að verðmæti kr. 110.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 29 | 8631 | 14722 | 21319 | 29686 | 34613 | 41817 | 48445 | 61483 | 67742 |
| 323 | 10676 | 14732 | 21480 | 29861 | 34760 | 41861 | 50652 | 62256 | 70907 |
| 416 | 11149 | 15383 | 24390 | 30194 | 34849 | 42336 | 51781 | 63598 | 71309 |
| 2130 | 11880 | 17085 | 26459 | 31589 | 37740 | 42539 | 52659 | 63598 | 71969 |
| 3040 | 11890 | 18138 | 28012 | 31780 | 38028 | 42660 | 54581 | 64404 | 74738 |
| 4761 | 12330 | 18377 | 28035 | 32147 | 38079 | 43763 | 56049 | 65601 | 75193 |
| 5031 | 12907 | 19603 | 28104 | 32329 | 38120 | 43872 | 56324 | 65682 | 76044 |
| 5859 | 13329 | 20164 | 28818 | 33759 | 39137 | 45449 | 57896 | 66258 | 76434 |
| 7612 | 13460 | 20922 | 28864 | 34108 | 39943 | 47550 | 61007 | 67607 | 77947 |
| | | | | | | | | | 79110 |

Birt án ábyrgðar
Gigtarfélag Íslands



†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR GÍSLASON**
**til heimils að Sléttahrauni 25,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi
mánudaginn 8. júlí.

**Fjóla Bótólfsdóttir**
**Hafdís Ólafsdóttir Aðalsteinn Einarsson**
**Margrét Hrefna Guðmundsdóttir Sigurður Aðalsteinsson**
**Magnea Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Ásta Benía Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**INGUNN ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**
**Efra-Hvoli,**

lést fimmtudaginn 27. júní á Dvalarheimilinu Lundi, Hellu. Útför hennar fer fram frá Stórólfshvolskirkju föstudaginn 12. júlí kl. 15.00.

**Ragnheiður Sigrún Pálsdóttir Þórir Yngvi Snorrason**
**Helga Björg Pálsdóttir Guðmundur Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**HALLDÓRA GUÐJÓNSDÓTTIR**
**frá Gröf í Þorskafirði,**

lést í Barmahlíð á Reykhólum, fimmtudaginn 4. júlí. Útförin verður gerð frá Reykhólakirkju laugardaginn 13. júlí kl. 14.00. Blóm afþökkuð, en þeir sem vilja minnast hennar láti Dvalarheimilið Barmahlíð njóta þess.

**Dúna, Gísli, Hanna, Dísa**
**og fjölskyldur.**



†

Elskulegur sonur, bróðir og mágur,

**GUÐMUNDUR ÞÓRARINSSON**
**Sóleyjarima 3,**

lést 7. júlí.

**Edda Guðmundsdóttir**
**Þórarinn J. Óskarsson**
**Íris D. Vilhelmsdóttir**
**Birgir Halldórsson**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**VALGERÐUR INGA HAUKSDÓTTIR**
**Brekkuhvarfi 11, Kópavogi,**

lést á krabbameinsdeildinni 11E á Landspítalanum föstudaginn 5. júlí. Jarðarförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 12. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á krabbameinsdeild Landspítalans, 11E.

**Guðjón H. Guðmunsdsson**
**Rúnar S. Guðjónsson Kristín Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Rósa Guðjónsdóttir Gunnar Þorsteinsson**
**Rakel Dögg Guðjónsdóttir Gunnar Sigurðsson**
**og barnabörn.**


## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is




†

Ástkær dóttir mín, móðir okkar,
tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**ÞÓRDÍS BRYNJA**
**AÐALSTEINSDÓTTIR**
**Berjarima 9,**

andaðist laugardaginn 6. júlí.
Útför auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda,**
**Halldóra Karlsdóttir**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**BERGÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR**
**Sæbergi 5, Breiðdalsvík,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað 9. júlí. Útför verður auglýst síðar.

**Alley Pétursdóttir Manfred Kleindienst**
**Jóhanna Pétursdóttir Sveinn Jóhannsson**
**Sigurður Pétursson Ólöf Kristjánsdóttir**
**Hreinn Pétursson Linda Guðmundsdóttir**
**Pétur Pétursson Ingunn Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri laugardaginn 6. júlí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. júlí kl. 13.30.

**Húnn Snædal Guðrún Freysteinsdóttir**
**Hólmsteinn Snædal Olga Loftsdóttir**
**Gígja Snædal**
**Þórgunnur Snædal Jöran Westberg**
**Magnús Snædal**
**Bragi Snædal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SIGURBJÖRG ERLENDSDÓTTIR**
**Roðasölum 1,**
**áður Vogatungu 15, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 8. júlí. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. júlí kl. 13.00.

**Reynir Sigurðsson**
**Smári Sigurðsson Ásthildur Jónsdóttir**
**Karl Sigurðsson Sigríður Baldursdóttir**
**Páll Sigurðsson Ásgerður Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tendafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÁRNASON**
**Hraunbæ 103, Reykjavík,**

lést föstudaginn 5. júlí á Hjúkrunarheimilinu Eir. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elísabet Jónsdóttir**
**Grétar Guðmundsson Herdís Rut Hallgrímsdóttir**
**Árni Þór Guðmundsson Bára Jónsdóttir**
**Jón Helgi Guðmundsson Guðrún Ásbjörnsdóttir**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir Þórarinn V. Sólmundarson**
**Stefán Guðmundsson Þórunn Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, stjúpmóðir og amma,

**GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR**

lést á heimili sínu þann 25. júní síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, kærleik og hlýju við andlát og útför hennar.

**Guðmundur Haukur Gunnarsson**
**Jens M. Magnússon Sigurlína Gunnarsdóttir**
**Róbert S. Magnússon**
**Birna Guðmundsdóttir Sigurjón Birgisson**
**Bjarni Guðmundsson Guðlaug Lýðsdóttir**
**og barnabörn.**



**VIÐ TÖKU** Valdimar í Kverkfjöllum í júní 2013.

# Snjórinn var upp í mitti

## Náttúrulífsmynd um Vatnajökulsþjóðgarð er komin út, gerð af Valdimari Leifssyni. Hún er til sýnis í gestastofum garðsins og verbúð nr. 2 við Reykjavíkurhöfn

„Ég er búinn að fara marga hringi umhverfis Vatnajökul, bæði um vegi og vegleysur,“ segir Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður sem undanfarin þrjú ár hefur unnið að kynningarmynd um Vatnajökulsþjóðgarð sem nú er komin út. Rukkaður um ferðasögu kveðst hann hafa farið yfir jökulinn í júní síðastliðnum úr Grímsvötnum í Kverkfjöll í niðaþoku. Ekið var eftir GPS-punktum. „Í Kverkfjöllum vildi leiðsögumaðurinn að ég kæmi strax upp á fjall, ég var frekar tregur til en fór þó. Þetta var klukkutíma ganga með tækin í snjó sem sumstaðar náði í mitti. En þegar við vorum komnir upp hvarf þokan og þá var auðvitað æðislegt að vera á þessum stað.“

Myndin um Vatnajökulsþjóðgarð er samstarfsverkefni Valdimars og Vina Vatnajökuls. Hún verður til sýnis í gestastofum garðsins bæði í heild og bútum og einnig í The Cinema, verbúð nr. 2 við Reykjavíkurhöfn.

„Við eigum mikinn fjársjóð fólginn í þessum þjóðgarði því náttúran þar er svo stórbrotin og síbreytileg. Við göngum alltaf út frá því að landslagið verði eins og það er, en ég velti fyrir mér hvernig það líti út eftir 100 ár. Verður jökullinn þarna enn eða verður kannski komið skemmtiferðaskip inn í fjörð þar sem Jökulsárlón er núna?“ segir Valdimar sem nú er að vinna að heimildarmynd um ekki ósvipað efni. Hún ber vinnuheitið Frosið eldhjarta Íslands og fjallar um Vatnajökul, eldfjöllin þar og það umhverfi sem hvort tveggja hefur mótað.

gun@frettabladid.is



†

Elsku sonur minn, faðir, tengdafaðir,
bróðir og mágur,

**SIGURGEIR SIGURÐSSON**
**flugstjóri,**

er látinn. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 19. júlí kl. 13.00.

**Pálína Guðmundsdóttir**
**Lilja Sigurgeirsdóttir Óskar Ásgeir Óskarsson**
**Elizabeth Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**Sigrún Sigurðardóttir Halldór M. Gunnarsson**
**Anna Svanhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Kjartan Sigurðsson Særún Jónasdóttir**
**Haraldur Sigurðsson**
**og barnabörn.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## DIONNE WARWICK Í HÖRPU

**Stórstjarnan Dionne Warwick verður með tónleika í Eldborgarsal Hörpu í kvöld klukkan 20. Aðeins er um eina tónleika að ræða. Dionne er margverðlaunuð stjarna sem hefur selt milljónir hljómplatna í gegnum árin. Á tónleikunum gefst færi á að heyra allt það vinsælasta frá ferlinum.**


White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

*<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn*

*Afkastamikill þurrkari >*



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





**ALLTAF VINSÆLL** Magnús Ingi býður upp á hnetuhristing í anda Elvis Presley, MYND/ARNÞÓR

# HNETUSJEIK MEÐ HAMBORGARANUM

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Hnetusjeik í anda Elvis Presley með hamborgaranum er nýjasta æðið á Texasborgurum við Grandagarð.*

Sjeik með hamborgara fá fáir staðist. Og nú er boðið upp á nýjan sjeik á Texasborgurum við Grandagarð sem slær flest út, hnetusjeik. „Elvis Presley var sólginn í hnetusmjör eins og frægt er. Það er út frá því sem hnetusmjörssjeikinn varð til og þegar ég bragðbætti hann með karamellu varð hann fullkominn,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. Frír orkudrykkur fylgir sjeiknum í kaupbæti meðan birgðir endast.

Nýlega var kjúklingaréttum og djúpsteiktum fiski með frönskum bætt á matseðilinn og sömuleiðis sett upp Big Green Egg-kolagrill.

Sérmatseðill er fyrir það með steikarborgurum og steikum úr nautalundum, grísarifjum og humar. „Við höfum verið óhrædd við að prófa nýjungar sem aðrir bjóða ekki upp á og það hefur vakið mikla lukku,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „En það fer samt alltaf mest af ekta amerískum ostborgara, það er klassík sem öllum þykir góð.“ Magnús leggur áherslu á að allir hamborgararnir séu stórir, þeir eru 140 grömm, og unnir frá grunni á staðnum úr úrvalshráefni.

### TILBOÐ ALLA DAGA

Texasborgaratilboð, sem býðst alla daga, er langvinsælast en það samanstendur af Texas-ostborgara með frönskum og gosi og kostar aðeins 1.390 kr. Þeir sem vilja gera vel við sig bæta t.d. við bernaise-sósu, beikoni, gráðosti og spældu eggi fyrir klink.

**2 FYRIR 1**

***af fiski og frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 990 kr. fyrir tvo.***

***Gildir til 10.8.2013. Texasborgarar.is s: 517-3130***




Ferðatöskur í úrvali

LÉTTAR ÓDÝRAR OG GÓÐAR

TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN

Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814



Heyrðu umskiptin



Fáðu heyrnartæki til reynslu

Okkar markmið: Að allir íslendingar heyri vel.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

## GLÆPAGENGI UMSVIFAMIKIL

**GOTT AÐ VITA**

**Það er aldrei of varlega farið á suðrænum ströndum og borgum. Norðurlandabúar verða margir fórnarlömb glæpagengja á þessum slóðum. Það er ekki síst vegna þess að þeir eru oft með dýr tæki á sér, snjallsíma, iPad, fartölvur, vandaðar myndavélar, dýr sólgleraugu og veski. Þessir hlutir eru einmitt vinsælir hjá þjófunum. Miklar aukningar á tilkynningum um þjófnað hefur orðið vart eftir hrun. Aldrei má líta af þessum hlutum, ekki láta þá liggja á glámbekk á veitingahúsum eða baðströndum. Einnig er mikilvægt að gæta sín í strætisvögnum, lestum og á flugvöllum.**






**FRÁBÆRT VERÐ** Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr. MYND/GVA

*Texasborgarar kynna*

## LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér." Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaisesósa. Nánar á **texasborgarar.is** og á Facebook.

# LÉTTAR OG ENDINGARGÓÐAR

**DRANGEY KYNNIR** *Ferða- og tölvutöskurnar frá þýska gæðamerkinu Titan hafa reynst viðskiptavinum afar vel. Hjól og rennilásar eru sterk og endingargóð. Titan er með yfir 25 ára reynslu í framleiðslu á ferðatöskum.*

Drangey hefur selt ferðatöskur árum saman, en fyrirtækið var stofnað árið 1934. Töskur hafa lengi verið aðalsöluvara verslunarinnar og framboð af ferðatöskum ævinlega ráðist af eftirspurn.

„Árið 2005 kynntist ég þýska vörumerkinu Titan á vörusýningu. Þegar ég sá gæði og verð haldast svo vel í hendur ákvað ég að slá til og hefja sölu á vörunni í búðinni. Þá hafði Titan nýverið fengið verðlaunin „Besta harða ferðataskan" frá þýsku neytendasamtökunum, fyrir töskur sem kallast Xenon. Það nægði mér til þess að sannfærast," segir María Maríusdóttir, framkvæmdastjóri verslunarinnar. „Það má segja að þegar þessi taska kom til landsins hafi hún unnið hug og hjörtu viðskiptavina Drangeyjar. Hún hefur selst gríðarlega vel."

**HVERT KÍLÓ SKIPTIR MÁLI**

Xenon-töskurnar eru afar léttar, á fjórum hjólum og því þægilegar í notkun. Þær eru úr 100% pólýkarbónati, sem er sterkasta og teygjanlegasta plast heims. „Í baráttunni við yfirvigtina, sem kemur sér illa fyrir ferðalanga, hef ég bent hjónum á að fjárfesta frekar í tveimur millistórum töskum. Þannig fá þau aukið pláss, sem frúin gjarnan nýtir, lítil hætta á yfirvigt og minni burður," segir María. „Þegar ferðast er á landi getur stór og þung taska verið til trafala."

Í Drangey fást ferðatöskur frá Titan í ýmsum stærðum og gerðum, meðal annars sérsniðnar fyrir tölvur. Nýlega bættist svo við ný tegund af hörðum töskum, Armoura. „Þessar töskur eru ódýrari en Xenon, en engu að síður gæðatöskur," segir María. „Titan leggur áherslu á sterk hjól og rennilása." Töskurnar eru endingargóðar og María segir þær hafa staðist væntingar viðskiptavina. Ítarlegri upplýsingar um vörurnar má nálgast á heimasíðu Drangeyjar, www.drangey.is

**ÞJÓFAR Á FERÐ**

María bendir ferðalöngum á að hafa í huga að verja greiðslukortin sín fyrir þjófum. „Þjófar í dag stunda það að skanna upplýsingar af greiðslukortum, jafnvel í gegnum töskur og seðlaveski. Við bjóðum upp á Tru Virtu-álkortaveski sem koma í veg fyrir að hægt sé að skanna kortin." Víst er að uppákomur sem þessar geta auðveldlega skemmt ferðalagið, svo allur er varinn góður.



**ÞÆGILEGAR** María Maríusdóttir, framkvæmdastjóri Drangeyjar, segir Titantöskurnar þægilegar á ferðalögum. MYND / ARNÞÓR BIRKISSON

Alþjóða heilsu Qigong félagið
Heldur kynningarnámskeið 18. - 21. júlí
WORKSHOP

5 helstu ástæður þess að iðka qigong
Qigong (borið fram "tsí-gong") er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir "lífskraftur", og gong, sem merkir "nákvæmar æfingar".

1. Aukin vellíðan og lífsþróttur
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarts- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.

2. Dregur úr þrálátum sársauka
Með hjálp sjónar og stjórn hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt.

3. Betra blóðstreymi
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.

4. Dregur úr spennu
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggju- og áráttuhegðun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.

5. Byggir upp sjálfsvirðingu
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.



Skráning í síma 553 8282

HEILSU DREKINN

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Lagerhillur í öllum stærðum á hagstæðu verði.



Afar auðvelt í uppsetningu

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

FYLGST MEÐ STÓRLIÐUNUM Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI



MIÐVIKUDAGUR 10. JÚLÍ 2013
8. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



## BIG BANG THEORY
Stelpurnar í Big Bang Theory eru alvöru nördar



## MASTERCHEF USA
Gordon Ramsey og félagar velja meistarakokk



## LÍFLEGT Í SMINKINU
Kristín Friðriksdóttir ræður ríkjum í sminkinu á Stöð 2

# EKTA FRÉTTIR Í THE NEWSROOM

FYRSTI ÞÁTTUR Í ANNARRI SERÍU THE NEWSROOM HEFST Á MÁNUDAGINN

krakkar GULL BÍÓ POPP TÍVÍ SPORT SPORT 2

OZ APPIÐ HENTAR ÖLLUM

## 2 ÓMISSANDI Í VIKUNNI

**NEW GIRL**
Miðvikudag
Kl. 20.25



**BREAKING BAD**
Fimmtudag
Kl. 21.30



**ARRESTED DEVELOPMENT**
Föstudag
Kl. 19.35



**LATIBÆR**
Laugardag
Kl. 17.55



**PÖNK Í REYKJAVÍK**
Sunnudag
Kl. 19.25



**NASHVILLE**
Mánudag
Kl. 20.00




**HOW I MET YOUR MOTHER**
Þriðjudag
Kl. 20.45






# GORDON RAMSEY VELUR MEISTARAKOKK

Masterchef-þættirnir hafa slegið í gegn í 35 löndum.

**2 MASTERCHEF USA**
**kl. 20.00 fimmtudaga**

Gordon Ramsey mætir sem dómari í Masterchef USA ásamt þeim Joe Bastianich og Graham Elliot á fimmtudagskvöldum á Stöð 2. Þetta er þriðja þáttaröðin sem Stöð 2 sýnir en ýmsar þrautir eru lagðar fyrir keppendur í eldamennsku. Þá reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og hversu úrræðagóðir þeir eru. Að lokum kveða dómararnir upp sinn dóm.

### Margar útfærslur

Masterchef-þættirnir urðu upphaflega til hjá BBC í Bretlandi. Fyrstu þættirnir voru sýndir á árunum 1990-2001. Þættirnir voru síðan endurhannaðir undir nafninu Masterchef Goes Large árið 2005. Tveimur síðustu orðunum var sleppt árið 2008 og um leið hresstu þeir Franc Roddam og John Silver upp á þættina, en sá fyrrnefndi á heiðurinn af sköpuninni. Dómarar voru John Torode og Gregg Wallace. Í Bretlandi eru þættirnir til í fjórum útgáfum, Masterchef fyrir áhugafólk um matreiðslu, Masterchef Professionals fyrir lærða matreiðslumenn, Celebrity Masterchef fyrir fræga fólkið og Junior Masterchef fyrir 9-12 ára börn.

Þættirnir slógu strax í gegn í Bretlandi sem varð til þess að önnur lönd tóku þá til sýningar undir sama heiti en með sínu fólki. Núna eru þættirnir framleiddir í 35 löndum. Masterchef Ísland var sýnt við góðan orðstír á Stöð 2 síðastliðið haust. Masterchef Ástralía hóf göngu sína árið 2009 og er vinsælasti sjónvarpsþáttur þar í landi og þriðji vinsælasti þátturinn í sögu sjónvarps.

### Féllu fyrir Ramsey

Masterchef USA var fyrst sýndur í júlí 2010 á Fox-sjónvarpsstöðinni með hinn fræga enska kokk, Gordon Ramsey, í fararbroddi. Þættirnir urðu strax vinsælir þar í landi enda Ramsey þekktur fyrir þættina Hell's Kitchen, sem á marga aðdáendur.

Margir sækjast eftir að komast að í þáttunum en fyrst þurfa þeir að gangast undir próf með því að elda máltíð að eigin vali sem dómararnir smakka og greiða atkvæði um hvort viðkomandi fái hvíta Masterchef-svuntu eða ekki. Nái keppendur inn bíður þeirra hið erfiða verkefni að þóknast bragðlaukum dómara. Þrautirnar verða þyngri um leið og keppendum fækkar. Að lokum stendur einn sigurvegari uppi sem meistarakokkur.

Þriðja þáttaröðin sem nú verður sýnd á Stöð 2 fékk flesta áhorfendur, eða 6,12 milljónir. Sigur í Masterchef getur breytt lífi keppanda mikið, aukið tækifæri hans og frama í starfi.


# OZ-APPIÐ HENTAR ÖLLUM

Vinsældir OZ-appsins verða meiri með hverjum deginum sem líður. Appið er einfalt í notkun og hentar öllum.

Aron Frank Leópoldsson er virkur notandi OZ-appsins og hefur góða reynslu af því. „Ég fékk mér það um leið og það kom í betaútgáfu og hef því notað það í fjóra mánuði," segir Aron sem starfar hjá Advania. Hann tekur stundum næturvaktir og því kemur fyrir að hann missir af uppáhaldsþáttum sínum. Þar kemur OZ-appið sterkt inn.

„Ég er mikið í því að safna þáttum, sérstaklega íslenskum. Þættirnir Tossarnir og Pönk í Reykjavík með Jóni Gnarr eru í miklu uppáhaldi. Svo horfi ég líka á fréttirnar og þætti eins og The Simpsons," útskýrir Aron.

„Þegar ég kemst heim og upp í sófa, tengi ég iPad-inn við Apple TV-tækið mitt og horfi á þættina í sjónvarpinu," segir Aron en honum þykir forritið afar einfalt í notkun. „Þetta er mjög notendavænt og þægilegt, mesta snilldin finnst mér samt að geta safnað uppáhaldsþáttunum."

Óhætt er að segja að OZ-appið geti nýst öllum, hvar og hvenær sem er. Í appinu er bæði hægt að safna uppáhaldsþáttunum og spóla allt að klukkutíma til baka.



OZ-appið hentar vel fólki eins og Aroni Frank Leópoldssyni, sem vinnur vaktavinnu. Hann safnar sínum uppáhaldsþáttum á appinu og þarf því ekki að hafa áhyggjur þótt hann missi af þeim þegar þeir eru á dagskrá.



# AFKASTAMIKIL STÓRSTJARNA

**Donald Sutherland fer með hlutverk Michaels Dorn í hinni geysispennandi sakamálaseríu Crossing Lines sem hefst á Stöð 2 sunnudaginn 14. júlí.**

**CROSSING LINES**
**Hefst 14. júlí**

Donald McNichol Sutherland á aðdáunarverðan leiklistarferil að baki sem spannar fimmtíu ár. Þessi 78 ára gamli kanadíski leikari hefur leikið í yfir 130 myndum en meðal þeirra frægustu eru The Dirty Dozen, M*A*S*H, The Day of the Locust, Ordinary People, 1900, Invasion of the Body Snatchers,Don't Look Now, Klute, Casanova eftir Fellini, JFK og Kelly's Heroes.

Sutherland hefur margsinnis unnið til verðlauna fyrir leik sinn enda fer honum jafn vel að leika illmenni sem ljúfmenni, og allt þar á milli.

Sutherland er faðir leikarans Kiefers Sutherland sem hann á með fyrrverandi eiginkonu sinni. Með núverandi eiginkonu á hann þrjá syni til viðbótar, Rossif, Angus Redford og Roeg. Allir synir hans fjórir eru nefndir í höfuðið á leikstjórum sem Sutherland hefur unnið með í gegnum tíðina. Kiefer er nefndur eftir Warren Kiefer sem leikstýrði Sutherland í hans fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Roeg heitir eftir leikstjóranum Nicolas Roeg, Rossif eftir franska leikstjóranum Frédéric Rossif og Angus Redford fékk millinafnið frá Robert Redford.

Sutherland býr í Quebec í Kanada en lætur sig varða málefni Bandaríkjanna enda starfar hann þar að mestu. Hann gerðist til dæmis bloggari á vefsíðu Huffington Post árið 2008 meðan kosningabaráttan til forseta Bandaríkjanna stóð sem hæst. Þar lýsti hann opinberlega yfir stuðningi við Barack Obama.

Donald Sutherland leikur Micheal Dorn, stofnanda alþjóðasveitar, í glænýjum þáttum, Crossing Lines sem hefjast á Stöð 2 næstkomandi sunnudag. Dorn horfði í æsku upp á nasista myrða fjölskyldu sína. Hann hefur síðan varið ævinni í að elta uppi stríðsglæpamenn.

# EKTA NÖRDASTELPUR



**BIG BANG THEORY**
**kl. 20.00 þriðjudaga**

Melissa Rauch leikur Bernadette Rostenkowski, kærustu Howards Wolowitz. Hún vann meðfram námi sem þjónustustúlka á Cheesecake Factory en eftir doktorsútskrift sína í örverufræði fékk hún vel launað starf hjá lyfjaframleiðanda. Bernadette hefur afar skræka rödd en þegar hún reiðist líkist rödd hennar afar mikið rödd móður Wolowitz.

Bernadette er kaþólsk en leikkonan Rauch er hins vegar af gyðingaættum. Hún er með BA-gráðu í leiklist frá Marymount Manhattan College. Meðfram námi stundaði Rauch uppistand á Manhattan. Þar hélt hún uppi eins manns atriðinu The Miss Education of Jenna Bush þar sem hún lék forsetadótturina þáverandi. Rauch hefur komið fram í fleiri sjónvarpsþáttum á borð við True Blood, The Office og kvikmyndinni I Love You Man. Hún er einnig meðlimur í grínhópnum The Realest Real Housewives.



Mayim Bialik leikur hina nördalegu Amy Farrah Fowler, vinkonu Sheldon Cooper. Sheldon og Amy kynntust í gegnum stefnumótasíðu en Raj og Howard skráðu Sheldon á síðuna að honum forspurðum. Amy og Sheldon eru lík að mörgu leyti, þó Amy sækist mun meira eftir félagsskap annarra. Amy er með doktorsgráðu í taugalíffræði og er ofurgáfuð líkt og leikkonan Bialik sjálf. Bialik sótti nám við UCLA-háskóla þó hún hafi fengið inni bæði í Harvard og Yale. Hún er með doktorsgráðu í taugavísindum og BA-próf í hebresku og gyðingafræðum.

Bialik hefur leikið frá unga aldri. Hún var til dæmis stjarna gamanþáttanna Blossom í fimm ár frá 1990 til 1995. Hún hefur komið fram í þáttum á borð við MacGyver, Beaches og Curb Your Enthusiasm, auk þess sem hún kom fram í tónlistarmyndbandi Michaels Jackson við lagið Liberian Girl. Bialik hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn í Big Bang Theory og var meðal annars tilnefnd til Emmy-verðlauna. Hún á tvo syni og gaf á síðasta ári út uppeldisbókina: Beyond the Sling: A Real-Life Guide to Raising Confident, Loving Children the Attachment Parenting Way.



# FJÖLBREYTT KRAKKADAGSKRÁ FYLGIR ÁSKRIFT

Fjórar stöðvar fylgja áskrift að Stöð 2, þar á meðal Stöð 2 Krakkar. Dagskráin á Stöð 2 Krakkar nær yfir rúman hálfan sólarhring á degi hverjum. Útsendingar hefjast klukkan sjö á morgnana og standa fram til klukkan 20.

Allir krakkar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá Stöðvar 2 Krakkar. Meðal þeirra góðkunningja sem eiga heimili á stöðinni dag hvern eru Dóra landkönnuður, Diego, Svampur Sveinsson, Doddi, Mörgæsirnar frá Madagaskar, Strumparnir, Tommi og Jenni og íbúar Latabæjar, svo fátt eitt sé nefnt.

Stöð 2 Krakkar á sér sístækkandi hóp dyggra áhorfenda en stöðin hefur fest sig í sessi meðal yngstu áhorfendanna frá því að hún fór fyrst í loftið fyrir tæpu ári.

Aðrar fylgistöðvar Stöðvar 2 eru Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Gull og Popptíví en auk þess hafa áskrifendur aðgang að stórauknu netfrelsi.

Áskrift að Stöð 2 með öllum fylgistöðvum og viðbótarþjónustu kostar 265 krónur á dag.



# BESTA SVARIÐ Á FÖSTUDAGSKVÖLD

**BESTA SVARIÐ**
**Kl. 20.05 föstudaga**

Ef þig hefur alltaf langað til að vita hvaða teiknimyndapersónu Ragga Gísla myndi helst vilja eyða ævinni með eða hver er hennar eftirlætis Stuðmaður ættirðu ekki að missa af Besta svarinu á föstudaginn kemur. Ragga Gísla mun mæta til Sveppa sem spyr vinkonur hennar spjörunum úr. Spurningarnar koma til með að sýna söngkonuna Röggu í talsvert nýju ljósi.

Vinkonur Röggu eru þær Dóra Takefusa og leikkonurnar Elma Lísa Gunnarsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir.



Ragnhildur Gísladóttir mætir með þrjár góðar vinkonur.

**Sloan Sabbith**
Leikin af Oliviu Munn
Sloan sér um fjármálafréttirnar. Hún er með doktorsgráðu í hagfræði líkt og faðir hennar, og hefur numið hagfræði í að minnsta kosti fimmtán ár.

**Don Keefer**
Leikinn af Thomas Sad
Don er útsendingarstjóri þa
Right Now með Elliot Hirsc
vinnur oft með fréttastofun
er kærasti Maggie og gjarn
hvert drama í kringum þau.



**Neal Sampat**
Leikinn af Dev Patel
Hinn breski Neelamani Sampat er kallaður Neal og sér um fréttabloggið. Hann hóf fréttamennsku þegar hann lenti í sprengjuárás í lest, tók allt upp á vídeó með símanum sínum og sendi á fréttastofu í London.

**Charlie Skinner**
Leikinn af Sam Waterst
Charlie er fréttastjóri Atlant
News (ACN) og hefur áratu
af fréttamennsku. Hann stý
stofunni af heilum hug.

# TILBÚIN FRÉTT RAUNVERU

Önnur þáttaröð af hinum vinsælu þáttum Th
um Will McAvoy og félaga hans á metnaðar

**THE NEWSROOM**
**kl 21.30 á mánudögum**

Fyrsta sería af The Newsroom náði miklum vinsældum á skömmum tíma og strax var ákveðið að hefja gerð annarrar þáttaraðar.

Aaron Sorkin, höfundur þáttanna, fékk hins vegar bakþanka þegar framleiðsla var hafin. Hann áttaði sig á því að fyrstu þrír þættirnir í nýju þáttaröðinni myndu skapa vandræði við framvinduna. Þegar þetta rann upp fyrir honum

höfðu fyrst
um sökum

Hver þát
stjórnendu
traust til ák
því búast v
heilsteyptu

oski
ættarins
ch en
ni. Hann
an er eitt-

**Jim Harper**
Leikinn af John Gallagher Jr.
Jim er annar útsendingarstjóri kvöldfréttanna. Hann kom til liðs við stofuna ásamt Mackenzie, en þau komu samferða heim frá stríðsfréttamennsku í Írak.

**Maggie Jordan**
Alison Pill
Maggie er dálítið óörugg, en hún er pottþéttur starfskraftur þrátt fyrir einstaka klúður. Hún er hreinskilin, heiðarleg og trygg fréttunum og yfirmanni sínum.




ton
tic Cable
gareynslu
rir frétta-

**Will McAvoy**
Jeff Daniels
Will er lögfræðingur að mennt og aðalfréttalesari kvöldfréttanna. Hann varð landsfrægur fyrir að ganga aldrei fram af neinum og var iðulega kallaður „Jay Leno fréttalesaranna“. Hann átti í ástarsambandi við Mackenzie en því lauk árið 2007.

**Mackenzie McHale**
Emily Mortimer
Hugh Jackman hoppar í sjóinn á hverjum morgni til að búa sig undir hlutverk sitt sem Wolverine í kvikmyndinni X-Men: Days of Future Past.

Leikarinn segir að ískaldur sjórinn hjálpi honum að koma sér almennilega í karakter. „Ég hoppa út í sjóinn á hverjum morgni. Sjórinn er frekar kaldur en tilfinningin sem blossar upp lýsir nákvæmlega Wolverine. Þetta er eins og þegar þú ferð í sturtu en það rennur bara kalt vatn og þú verður sjúklega pirraður. Þannig líður Wolverine alla daga, allan sólarhringinn,“ segir Jackman í viðtali við tímaritið Total Film.

Jackman lætur þó ekki ískaldan sjóinn nægja. „Stundum tek ég armbeygjur eða magaæfingar fyrir tökur því ég þarf að líta út fyrir að vera móður og másandi. Ég hef gert þau mistök að þykjast vera móður en í staðinn fer ég að ofanda og það líður nánast yfir mig.“

Jackman segir að hlutverk Wolverine sé krefjandi og að það taki hann marga mánuði að koma sér í form, en hann er kominn á fimmtugsaldurinn. „Ég viðurkenni vel að það er erfiðara að koma sér í form eftir því sem sem maður verður eldri. En ég set líka hærri kröfur á sjálfan mig fyrir hverja mynd. Maður kemst ekki upp með neitt lengur,“ segir Jackman. Kvikmyndirnar um X-Men eru orðnar sex talsins en tökur standa yfir á þeirri sjöundu.

Fyrsta myndin kom út árið 2000 og hefur Jackman farið með hlutverk í þeim öllum. Einhverjar getgátur hafa þó verið uppi um að þetta verði síðasta X-Men myndin þar sem Wolverine kemur við sögu.



**Í HÖRKU FORMI** Leikarinn Hugh Jackman kemur sér alltaf í dúndurform fyrir hlutverk sín.



**ALVEG FOXILL** Leikkonan Kristen Stewart er ekki sátt við sinn fyrrverandi þessa dagana.

## Kristen með Robert á heilanum

Twilight-leikkonan Kristen Stewart er að sögn slúðurmiðlanna vestanhafs með fyrrverandi kærasta sinn, Robert Pattinson, á heilanum. Hún sendir honum stöðugt skilaboð og hefur meira að segja hringt í nýjustu kærustu leikarans, Riley Keough. Heimildarmennirnir segja það þó ekki staðfest að Pattinson og Keough séu par, en stúlkan er dótturdóttir Elvis Presley.

Stewart og Pattinson hættu saman í annað skiptið í maí, þegar leikarinn komst að því að hún hafði átt í ástarsambandi við leikstjórann Rupert Sanders við tökur myndarinnar „Snow White And The Huntsman“. „Kristen er foxill og hefur sent Roberti sms-skilaboð og reynt að hringja í Riley til að komast að því hvað sé að gerast, en enginn hefur svarað henni,“ sagði heimildarmaður við tímaritið Grazia.



**AFPLÁNUN** Söngkonan Lauryn Hill mun dvelja næstu þrjá mánuði í fangelsi.

## Borgaði ekki skatt í áratug

Söngkonan og rapparinn Lauryn Hill, sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Fugees, situr nú í fangelsi í Bandaríkjunum vegna skattaskuldar.

Lauryn hefur svikið undan skatti undanfarinn áratug og skuldar yfirvöldum um eina milljón dollara í ógreidda skatta.

Hún var dæmd til þriggja mánaða fangelsisvistar í lágmarksöryggisgæslufangelsi í Connecticut þar sem föngum er gert að vinna ýmis störf á meðan á afplánun stendur.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE Rakarastofan
FUDGE Klapparstíg
FUDGE S: 551 3010



## Tvær þjóðir í sömu stöðu og Ísland

**FÓTBOLTI** Ísland, Holland og Spánn eru reynsluminnstu þjóðirnar á EM í Svíþjóð því lið þessara þjóða eru öll þrjú með á sínu öðru Evrópumeistaramóti í sögunni.

Holland og Ísland voru bæði með í fyrsta sinn fyrir fjórum árum og eru saman í riðli nú. Spænska liðið er aftur á móti með í fyrsta sinn síðan 1997.

Ítalía og Noregur eru hins vegar með í úrslitakeppni EM í tíunda sinn og þetta er níunda úrslitakeppnin hjá Þýskalandi og Svíþjóð.



1 DAGUR Í FYRSTA LEIK ÍSLANDS

## Handboltalið Atletico úr leik

**HANDBOLTI** Atletico Madrid tilkynnti í gær að handboltalið félagsins myndi draga lið sitt úr öllum keppnum og hætta starfsemi. Þetta er mikið reiðarslag fyrir spænskan handbolta og þótt víðar væri leitað en Atletico Madrid hefur verið í hópi sterkustu liða Evrópa undanfarin ár.

Ástæðan er að fjárhagskrísan á Spáni hefur gert rekstur liðsins ómögulegan. Þá hefur stuðningur borgaryfirvalda í Madríd ekki verið nægilega mikill til að halda rekstrinum á floti. - esá

## KR mætir Stjörnunni í bikarnum

**FÓTBOLTI** Liðin sem mættust í úrslitaleik Borgunarbikars karla í fyrra, Stjarnan og KR, drógust saman í undanúrslit keppninnar í ár. Liðin mætast á Samsung-vellinum í Garðabæ þann 31. júlí næstkomandi. KR er ríkjandi bikarmeistari og eiga því Garðbæingar harma að hefna.

Hin undanúrslitaviðureignin er á milli Fram og Breiðabliks og fer fram á Laugardalsvelli degi síðar.

Úrslitaleikurinn fer svo fram á þjóðarleikvanginum í Laugardal laugardaginn 17. ágúst. - esá

## Þrír Íslendingar keppa á HM U-17

**FRJÁLSAR** Heimsmeistaramót 17 ára og yngri í frjálsíþróttum hefst í Donetsk í Úkraínu í dag en Ísland á þrjá keppendur á mótinu. Aníta Hinriksdóttir þykir til alls líkleg í 800 m hlaupi og hefur hún keppni í undanrásum á morgun.

Ásgerður Jana Ágústsdóttir keppir bæði í kúluvarpi og sjöþraut og hefur leik á morgun í fyrrnefndu greininni.

Fyrstur Íslendinganna til að keppa er kastarinn Hilmar Örn Jónsson. Hann keppir í kúluvarpi í dag og í sleggjukasti á morgun. - esá

# Þetta verður að vera gaman líka

Evrópumeistaramótið í Svíþjóð hefst í dag en Ísland hefur leik á morgun. Katrín Ómarsdóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir verða í stóru hlutverki með íslenska landsliðinu á EM, innan sem utan vallar. En hvor þeirra er aðalprakkarinn í íslenska landsliðshópnum?

EM KVENNA 2013

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is
Skrifar frá Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Það hefur verið mikið ritað og rætt um fjarveru Eddu Garðarsdóttur á EM í Svíþjóð sem hefst í dag, en það er ekki síst karakter Eddu sem er sárt saknað því hún var vön að létta leikmönnum lífið á bak við tjöldin.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem hefur umgengist kvennalandsliðið að Edda kann að kalla fram bros hjá liðsfélögum sínum, en það var hún sem boðaði hrekkjusvínafaraldur í Finnlandi fyrir fjórum árum og stóð örugglega við sitt.

Það er vissulega mikið af skemmtilegum og sniðugum stelpum í íslenska hópnum en spjótin beinast þó að tveimur þegar kemur að því að finna eftirmann Eddu í prakkarastrikunum.

Fréttablaðið hitti þær Katrínu Ómarsdóttur og Hallberu Guðnýju Gísladóttur og spurði þær út í prakkaraskapinn. Það var stutt í hláturinn og lítið um alvarleg svör hjá þessum skemmtilegu karakterum en þær eiga samt örugglega eftir að taka upp á einhverju óvæntu og skemmtilegu næstu dagana.

„Ég er orðin spennt fyrir þessu og það er gaman að vera komin til Kalmar. Ferðalagið var svolítið langt en allt hefur gengið eins og það á að ganga," segir Katrín, en hvað með lífið utan vallar?

**Hallbera er svolítill kútur**

„Nei, ég held að ég sé ekki orðin aðalprakkarinn. Hallbera er svolítill prakkari. Hún er svolítill kútur," sagði Katrín en vill meina að enginn í liðinu sé að reyna að fylla skarð Eddu. „Hún var stór karakter en það eiga bara allir að vera þeir sjálfir og sinna sínum hlutverkum þannig. Það er enginn að fylla neitt skarð," segir Katrín. Hún er samt sammála því að hlátur, glens og gaman verði að vera stór hluti af samverustundum liðsins á mótinu.

„Þetta verður að vera gaman líka," segir Katrín. Að sjálfsögðu bárum við prakkaraummælin undir Hallberu sem var auðvitað búin að frétta af því hvaða stimpil liðsfélagi hennar var búinn að gefa henni.

**Grín og hlátur verður að fylgja**

„Ég er mjög hress. Við erum búnar að bíða lengi eftir þessu og höfum verið að æfa heima. Loksins er komið að þessu," segir Hallbera, en leynist í henni prakkari? „Katrín er svo mikill kútur. Það verður að hafa gaman af þessu líka. Það þarf að fylgja þessu smá grín og hlátur. Ég kannski hrekki Katrínu bara fyrst hún er að skjóta svona á mig," sagði Hallbera hlæjandi.

Þar er væntanlega von á ýmsu enda varð það frægt á Íslandi í byrjun ársins þegar hún eyddi mjög löngum tíma inni í skáp til þess eins að geta hrekkt herbergisfélaga sinn, Fanndísi Friðriksdóttur, á Algarve-mótinu.

**Mikilvægasti leikurinn okkar**

Bæði Katrín og Hallbera kölluðu hvor aðra kút, eins og lesa má hér að framan, og það var örugglega hluti af orðaleik stelpnanna, þar sem þær fá það verkefni að stinga orðum inn í viðtöl við fjölmiðla.

Báðar gera þær sér þó fulla grein fyrir mikilvægi fyrsta leiksins á móti Noregi á morgun. „Þetta er mikilvægasti leikurinn í riðlinum fyrir okkur. Ef við vinnum hann þá er allt mögulegt en ef við töpum honum þá verður þetta miklu erfiðara," sagði Katrín og Hallbera er líka klár í verkefni.

„Við finnum það alveg að fólk er ekkert að gera alltof miklar væntingar til okkar en það er allt í lagi. Við vitum sjálfar hvað við getum gert," sagði Hallbera að lokum.



**BROSMILD** Katrín Jónsdóttir landsliðsfyrirliði fékk liðsfélaga sína til að brosa á æfingunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

POTTURINN STEFNIR Í
800 MILLJÓNIR
110.000.000
+690.000.000
SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16
Fyrsti vinningur stefnir í 110 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 690 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**




FITON / SÍA



SAMKEPPNI Þóra, Sandra og Guðbjörg vilja allar vera í aðalhlutverki með landsliðinu í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

# Ég krossa bara fingur

**Þóra Björg Helgadóttir æfði á fullu með íslenska kvennalandsliðinu í gær en hún er að koma til baka eftir tognun í læri. „Ég ræð engu um þetta," segir hún.**

**FÓTBOLTI** Allir 23 leikmenn Íslands tóku þátt í æfingu liðsins í Kalmar en Ísland hefur leik á EM í Svíþjóð á morgun þegar liðið mætir Norðmönnum. Mesta óvissan hefur verið í kringum markvörðinn Þóru B. Helgadóttur sem meiddist aftan í læri fyrir fjórum vikum. Þóra hefur verið aðalmarkvörður liðsins síðustu ár en það mun líklega ekki koma í ljós fyrr en nær dregur hvort hún fái að spila. Þóra æfði í gær og það veit á gott.

„Mér líður vel núna en mér skilst að það geti brugðið til beggja vona með slík meiðsli. Í dag verð ég með í fullri upphitun og ef það gengur vel þá fæ ég vonandi að fara í meira. Ég krossa bara fingur," sagði Þóra í samtali við Fréttablaðið fyrir æfinguna í gær. Hún kláraði hana og er skrefinu nær því að vera leikfær.

### Gerir engum gott að spila meidd

„Það hjálpar ekkert liðinu ef ég meiðist á þriðju mínútu og við þurfum að eyða skiptingu í það. Ég get fullvissað þig um að ég ræð engu. Ég verð spurð hvernig mér líður en sjúkraþjálfarinn, læknirinn og Siggi munu taka þessa ákvörðun," sagði Þóra.

Þóra hefur reynt að líta raunhæft og jákvætt á erfiða stöðu sína. „Ég hef reynt að hugsa ekki of mikið um þetta og einbeitt mér bara að því að taka næsta skref. Það hefur gengið mjög vel en ég er tæp á tíma. Svona á að taka sex vikur og ég er búin með fjórar," segir Þóra, en íslenska landsliðið á fleiri góða markmenn.

„Við erum allar þrjár reynslumiklir markmenn og engin okkar er ung. Stelpurnar aftast eru kannski aðeins vanari mér en ég hef engar áhyggjur," segir Þóra um sig og hina markverðina í hópnum, þær Guðbjörgu Gunnarsdóttur og Söndru Sigurðardóttur.

### Við erum allar góðar

Guðbjörg hefur staðið sig frábærlega í sænsku og norsku deildinni og hefur þurft að bíða þolinmóð á bekknum hjá íslenska landsliðinu. Nú gæti hins vegar kallið komið í gríðarlega mikilvægum leik. „Fyrsti leikurinn er hrikalega mikilvægur og við vitum það best sjálfar. Ég reyni bara að hugsa sem minnst um þetta og ætla bara að reyna að standa mig vel á æfingunum. Ég hef fengið einn og hálfan leik á þessu ári og fannst ég koma ágætlega út úr því. Ég vona bara það besta," sagði Guðbjörg.

„Það vilja allir spila og það skiptir ekki máli hver okkar það er. Ég held bara að við séum vel sett með markmenn því Sandra er líka mjög góður markvörður. Sama hver spilar þá tel ég að markmannstaðan sé engin vandamálastaða," segir Guðbjörg.

**„Það hefur gengið mjög vel en ég er tæp á tíma. Svona lagað á að taka sex vikur og ég er búin með fjórar.**

*Þóra Björg Helgadóttir*

ooj@frettabladid.is







Ford

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

ford.is

Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn.
Ford Fiesta Titanium 5 dyra, 1,6i bensín 105 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 138 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.00

### 2 Broke Girls

Gamanþáttaröðin 2 Broke Girls snýr aftur á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Þetta er önnur þáttaröðin um stöllurnar Max og Caroline sem vinna og búa saman en eru eins ólíkar og hugsast getur. Myndarlegur verslunareigandi er hrifinn af Caroline en hún þorir ekki að hitta hann aftur eftir að hafa orðið sér til skammar í búðinni hans.



## Í KVÖLD



### Psych

**SKJÁR 1 KL. 20:25** Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Það getur verið sárt þegar einhver bregst trausti þínu verulega. Sérstaklega þegar viðkomandi hefur stolið uppáhalds leikjatölvunni þinni.

TV.COM 8,3 IMDb 8,9



### Breakout Kings

**POPPTÍVÍ KL. 22.45** Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.

TV.COM 6,8 IMDb 7,1



### Modern Family

**STÖÐ 2 KL. 19.35** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum allt of vel.

TV.COM 8,6 IMDb 8,2

## X-ið 977 kl. 22.00

Gufuvélin í umsjón Mána öll þriðjudags og miðvikudagskvöld. Ómþýð og þægileg tónlist að kvöldi dags. Láttu stressið líða úr þér og hlustaðu á Gufuvélina á X-977 frá kl. 22.00 til miðnættis.



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Nýtt á sölu – til afhendingar strax!**

**Kaldalind 8 – glæsilegt einbýli.**




Einstaklega glæsilegt ca 330 fm einbýlishús á tveimur hæðum innst í botnlanga. Glæsileg aðkoma. 4- 5 svefnherb. Arinn glæsilegt útsýni. Gegnheilt parket. Stórar verandir. Tvöfaldur bílskúr. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 10.júlí milli kl. 17:15 og kl. 17:45 **V.82,0 millj.**

**Álfkonuhvarf 27 –íbúð 0207 m. bílskýli**




Mjög góð og vel skipulögð 3ja herbergja 100 fm íbúð á 2.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Fallegar eikarinnréttingar og eikarparket. Mjög gott útsýni. Sérþvottahús. Innangengt í gott bílskýli. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 10.júlí milli kl. 17:15 og kl. 17:45 **V.26,5 millj.**

**Engihjalli 17 - góð íbúð 2.hæð**




Rúmgóð og björt 97,4 fm íbúð á 2. hæð **(0204)** í lyftuhúsi við Engihjalla í Kópavogi. Íbúðin er með tvennum svölum sem snúa til suðurs og vesturs. Fallegt parket á gólfum. Íbúðin er laus til afhendingar. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 10.júlímilli kl. 17:15 og kl. 17:45 **V.18,9 millj.**

**Hálsasel 48 – einbýlishús, gott verð.**




Fallegt og reisulegt 317,4 fm einbýlishús, með aukaíbúð á jarðhæð og innbyggðum 26 fm bílskúr. Mjög góð staðsetning. Mjög gott fjölskylduhús sem er laust strax. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 10.júl í milli kl. 17:15 og kl. 17:45 **V. 49,0 millj.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(20:22)*
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(26:175)*
**10.15 Glee** *(2:22)*
**11.00 Spurningabomban** *(1:21)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(19:24)*
**13.00 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(4:8)*
**13.20 Covert Affairs** *(6:11)*
**14.05 Chuck** *(4:24)*
**14.50 Last Man Standing** *(1:24)*
**15.10 Big Time Rush**
**15.35 Tricky TV** *(19:23)*
**16.00 Nornfélagið**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(13:23)*
**19.35 Modern Family** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum allt of vel.
**20.00 2 Broke Girls** *(6:24)* Önnur þáttaröðin af þessum hressilegu gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline.
**20.25 New Girl** *(17:25)*
**20.50 Dallas**
**21.35 Lærkevej** *(7:10)*
**22.20 Miami Medical** *(3:13)* Magnaðir dramaþættir þar sem fylgst er með lífi og starfi lækna á bráðamóttöku í Miami.
**23.05 Revolution** *(15:20)*
**23.45 Breaking Bad** *(3:8)*
**00.30 Vice** *(7:10)*
**01.00 Grimm** *(13:22)*
**01.45 The Lazarus**
**03.20 American Horror Story** *(11:12)*
**04.10 Fringe** *(15:22)*
**04.55 New Girl** *(17:25)*

### POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(12:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(5:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(16:22)*
**20.10 The O.C.** *(10:27)*
**20.55 The Secret Circle** *(15:22)*
**21.40 The Secret Circle** *(16:22)*
**22.25 Breakout Kings** *(5:13)*
**23.10 Breakout Kings** *(6:13)*
**23.55 The O.C.** *(10:27)*
**00.40 The Secret Circle** *(15:22)*
**01.25 The Secret Circle** *(16:22)*
**02.10 Breakout Kings** *(5:13)*
**02.55 Breakout Kings** *(6:13)*
**03.40 Myndbönd frá Popptíví**

### ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

### SPORT *besta sætið*

**17.40 Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Real Madrid**
**19.20 Sumarmótin 2013**
**20.00 Greg Norman á heimaslóðum**
**20.45 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Schalke**
**22.25 NBA** Skemmtilegur þáttur um körfuboltahetjuna Charles Barkley.
**23.10 Víkingur R - Breiðablik**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.45 West Ham - Tottenham**
**19.30 PL Classic Matches. Tottenham - Chelsea, 1997**
**20.00 Bogi Ágústsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**20.30 Aston Villa - Tottenham**
**22.10 Bogi Ágústsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**22.40 Arsenal - Tottenham - 29.10.08**
**23.10 Tottenham - Man. City**

### krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Hvolpurinn Scooby-Doo **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.05** Doddi litli og Eyrnastór **11.15** Latibær *(5:18)* **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Dóra könnuður **13.25** Strumparnir **13.45** Waybuloo **14.05** Hvolpurinn Scooby-Doo **14.30** Áfram Diego, áfram! **14.55** Histeria! **15.15** Doddi litli og Eyrnastór **15.25** Latibær *(5:18)* **15.50** Lalli **15.55** Lalli **16.00** Refurinn Pablo **16.05** Litlu Tommi og Jenni **16.30** Svampur Sveinsson **16.55** Dóra könnuður **17.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Strumparnir **18.05** Waybuloo **18.25** Hvolpurinn Scooby-Doo **18.50** Áfram Diego, áfram! Dí **19.15** Histeria! **19.35** Latibær *(5:18)* **20.00** Einu sinni var *(12:22)*

### GULL

**20.00 Einu sinni var** *(12:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(5:30)*
**21.00 Ørnen** *(24:24)*
**22.05 Lois and Clark** *(2:22)*
**22.50 Einu sinni var** *(12:22)*
**23.20 Örlagadagurinn** *(5:30)*
**23.55 Ørnen** *(24:24)*
**00.55 Lois and Clark** *(2:22)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### BÍÓ

**12.45 Just Wright**
**14.25 Lego: The Adventures of Clutch Powers**
**15.45 Bowfinger**
**17.20 Just Wright**
**19.00 Lego: The Adventures of Clutch Powers**
**20.20 Bowfinger**
**22.00 Sherlock Holmes: A Game of Shadows**
**00.05 Kick Ass**
**02.00 Flypaper**
**03.30 Sherlock Holmes: A Game of Shadows**

### RÚV

**14.55 Áhöfnin á Húna** *(4:9)*
**15.15 Stelpurnar okkar 2013** *(2:2)*
**15.50 EM-kvenna í fótbolta** *(Ítalía-Finnland)* BEINT
**17.50 Geymslan** *(10:28)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Frá Svíþjóð til himins** *(2:8)* *(Från Sverige till himlen)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Viðtalið - Ban Ki-Moon** Bogi Ágústsson ræðir við Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
**20.05 Síðasti tangó í Halifax** *(6:6)* *(Last Tango in Halifax)*
**21.00 Minnisverð máltíð – Lone Scherfig** *(4:7) (En go' frokost)* Lone Scherfig kvikmyndaleikstjóri rifjar upp góða matarminningu og kokkurinn Adam Aaman matreiðir réttinn sem um er rætt.
**21.10 Leyniríkið** *(4:4) (Secret State)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Sumartónleikar í Schönbrunn 2013** *(Sommernachtskonzert Schönbrunn)* Upptaka frá tónleikum sem haldnir voru í garði Schönbrunn-hallar í Vínarborg í júní. Lorin Maazel stjórnar Fílharmóníusveit Vínarborgar sem leikur verk eftir Richard Wagner og Giuseppe Verdi.
**00.00 El Sistema** *(El Sistema)* Heimildarmynd um tónlistarfélag æskunnar í Venesúela, sem nefnist El Sistema. Það gerir fátækum börnum kleift að stunda nám við tónlistarskóla þar.
**01.45 Fréttir**
**01.55 Dagskrárlok**

### RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.20 EM kvenna í knattspyrnu**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(48:48)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(6:25)*
**08.00 Cheers** *(14:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 The Good Wife** *(1:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Britain's Next Top Model** *(5:13)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(1:44)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(7:25)*
**20.00 Cheers**
**20.25 Psych** *(9:16)*
**21.10 Blue Bloods** *(20:23)*
**22.00 Common Law** *(9:12)*
**22.45 The Borgias** *(1:10)*
**23.30 House of Lies** *(3:12)*
**00.00 Leverage** *(6:16)*
**00.45 Lost Girl** *(15:22)*
**01.30 Excused**
**01.55 Blue Bloods** *(20:23)*
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** The Greenbrier Classic*(2013) (3:4)* **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** The Greenbrier Classic*(2013) (3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** The Players Championship **2013** *(4:4)* **22.00** Inside the PGA Tour *(28:47)* **22.25** Golfing World **23.15** PGA Tour - Highlights *(26:45)* **00.10** ESPN America

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




SCIERRA

## SCIERRA CC3 XP VÖÐLUPAKKI

Scierra CC3 XP öndunarvöðlur. Nýjar sumarið 2013. Nýja módelið kemur í stað eldri gerðar sem notið hefur mikilla vinsælda síðustu ár.
Sterkar vöðlur með góðri útöndun. Neopren sokkar og áfastar sandhlífar. Stillanlegt belti og góður brjóstvasi. Scierra Contour vöðluskór. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Hefur þú séð betra verð á vönduðum öndunarvöðlum og skóm?

Fullt verð 44.990,-
**Tilboðsverð 29.995,-**



SIMMS

## SIMMS FREESTONE PAKKATILBOÐ

Fjögurra laga Quadralam Torey öndunarfilma með góðri útöndun. Góðir vasar, áfastar sandhlífar. Fótlaga sokkar. Simms Freestone skór úr sterku gerviefni.
Frábær ökklastuðningur. Filtsóli

Fullt verð 68.800,-
**Tilboðsverð 53.900,-**



REDINGTON

## REDINGTON KVENVÖÐLUR OG SKÓR

Þriggja laga öndunarvöðlur úr lipru og góðu efni. Dömusnið. Áfastar sandhlífar og góður vasi. Belti fylgir. Vöðlunum fylgja góðir og léttir skór úr slitsterku efni.
Filtsóli undir skóm.

Fullt verð 53.990,-
**Tilboðsverð 42.995,-**




**JERRY SIEM**
**Í VEIÐIHORNINU**

SAGE

**SIMON GAWESWORTH**
**Í VEIÐIHORNINU**

RIO PRODUCTS

SÍÐUMÚLI 8 - REYKJAVIK - SÍMI 568 8410

**AF HVERJU SAGE?** Allar Sage stangir eru handgerðar í Bandaríkjunum. Karakter sem hentar byrjendum sem lengra komnum. Allar Sage stangir eru með alvöru lífstíðarábyrgð frá framleiðanda. Sanngjarnt verð.




## SAGE APPROACH

Sage Approach er miðhröð stöng sem auðvelt er að vinna með jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Einhver besta byrjendastöngin á markaðnum í dag.
Verð aðeins **49.900,-**




## SAGE RESPONSE

Response er enn kraftmeiri en gamla Flight. og ræður vel við þyngri flugur og sterkari vind. Response er góður kostur fyrir byrjendur jafnt sem vanari kastara.
Verð aðeins **59.900,-**

RIO PRODUCTS



## RIO LEGGUR LÍNUNA *Fullkomnar línur fyrir allar aðstæður*

**FULLKOMIN ÁBYRGÐ!**
Villtur í línufrumskóginum? Treystu Rio og ráðleggingum okkar. Ef þú ert ekki ánægður með Rio línuna þína máttu skila henni innan 10 daga og við endurgreiðum þér. Verð fra **6.990,-**(Mainstream Trout WF)

WATERWORKS LAMSON



## LAMSON FLUGUHJÓL

Frábær bandarísk fluguhjól með einhverri mýkstu og bestu bremsu sem þú færð. Margar gerðir og stærðir.
Verð frá **25.900,-**

VEIÐIHORNIÐ

**AF HVERJU REDINGTON?** Bandarísk hönnun, hagstætt samspil verðs og gæða, lífstíðarábyrgð frá framleiðanda. Redington vörurnar hafa sannað sig hér á landi undanfarin ár.



## TOPO FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Topo stöng, Crosswater fluguhjól, Rio Mainstream flotlína, undirlína, taumur og taumaefni. Klippa, flugubox og flugur fylgja.
Verð fyrir allt þetta aðeins **36.900,-**



## CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Crosswater stöng, Crosswater fluguhjól,
Rio Mainstream flotlína og Rio undirlína.
Verð aðeins **29.900,-**



## PURSUIT FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Pursuit stöng, Pursuit fluguhjól, Rio flotlína og Rio undirlína. Lífstíðarábyrgð á stöng.
Verð aðeins **39.900,-**



## VOYANT FLUGUVEIÐIPAKKI

VOYANT fluguveiðipakki Redington Voyant stöng, Surge fluguhjól, Rio flotlína og Rio underlína.
Verð aðeins **59.900,-**

STRANDGATA 49 - HAFNARFJÖRÐUR - SÍMI 555 6226

1 9 9 8 — Framúrskarandi fyrirtæki 2010 — Framúrskarandi fyrirtæki 2011 — Framúrskarandi fyrirtæki 2012 — 2 0 1 3

T R A U S T F J Ö L S K Y L D U F Y R I R T Æ K I Í 15 Á R

**DRYKKURINN**



**„Minn uppáhaldsdrykkur er „ginger ale" eða engiferöl."**

Anna Svava Knútsdóttir leikkona

# Fá vörurnar sendar með Norrænu

Vinkonur ákváðu að láta drauminn rætast í fæðingarorlofinu og opna verslun á Seyðisfirði.

„Það blundaði í okkur öllum að gera eitthvað sem er tengt heimilinu. Við erum allar fagurkerar og svona verslanir eru ekki á hverju strái úti á landi," segir Margrét Guðjónsdóttir sem ásamt Halldóru Malínu Pétursdóttur og Ingibjörgu Grétarsdóttur opnaði nýverið lífsstílsbúðina Gullabúið á Seyðisfirði. Búðin býður upp á seyðfirska hönnun og handverk, húsmuni og húsgögn í bland við gömul húsögn.

Að sögn Margrétar fengu þær vinkonur hugmyndina að búðinni þegar þær voru allar í fæðingarorlofi síðasta vetur. „Við vorum bara að spjalla saman og um hvað við gætum gert þegar fæðingarorlofinu lyki og fannst spennandi tækifæri að opna slíka verslun hér. Búðin er líka samnefnari fyrir önnur verkefni sem við tökum að okkur eins og innanhússhönnun og fatastíliseringar og fleira."

Upphaflega var hugmyndin að vera með stemningsverslun yfir sumartímann, enda gríðarlegur fjöldi ferðafólks sem kemur til Seyðisfjarðar, segir Margrét. „Okkur fannst vanta hérna vettvang þar sem listamenn gætu komið hönnun sinni meira á framfæri en það hefur komið okkur á óvart að fólk úti um allt land verslar við okkur og þá aðallega í gegnum Facebook-síðuna okkar. Við flytjum einnig inn vörur beint með Norrænu og það er alveg frábært að fá vörurnar beint á hafnarbakkann hér heima. Þetta gengur svo vel að okkur finnst ómögulegt að skella í lás þegar fer að hausta, svo við stefnum bara ótrauðar á rekstur áfram í vetur," segir Margrét að lokum. **- hó**



**Í REKSTRI** Halldóra Malín Pétursdóttir, Ingibjörg Grétarsdóttir og Margrét Guðjónsdóttir settu á fót verslunina GULLABÚIÐ - hamingja fyrir heimili á Seyðisfirði. Þær segja reksturinn ganga vonum framar.




# Steggurinn slasaðist í brimbrettaóhappi

Sauma þurfti þrjú spor í andlit Þorleifs Arnarssonar í steggjun hans um helgina.

„Ég lít út eins og ég hafi lent í slagsmálum, en ef maður ætlar að slasast við eitthvað þá er í lagi að slasast við þetta," segir Þorleifur Arnarsson leikstjóri, sem lenti í brimbretta óhappi á laugardag með þeim afleiðingum að sauma þurfti þrjú spor í andlit hans. Það voru vinir Þorleifs sem fóru með hann á brimbretti í tilefni af steggjun hans.

Þorleifur vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar hópur fílefldra karlmanna reif hann eldsnemma fram úr rúminu síðastliðinn laugardag, en á meðal þeirra sem tóku þátt í steggjuninni voru Símon Birgisson, menningarritstjóri DV, Ólafur Egilsson leikari, Þórlindur Kjartansson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Sjálfstæðisflokksins, og ástralski leikstjórinn, Benedict Andrews.

„Ég var rifinn fram úr rúminu og það var keyrt út á Nes í Þorlákshöfn þar sem við vorum settir í blautbúning. Svo fór maður bara beint út í sjó. Höggið kom við fyrstu stóru ölduna."

Að sögn Þorleifs voru öldurnar allt að tveggja metra háar og sjórinn töluvert úfinn þegar brettið skall skyndilega í andlitið á honum.

„Það var eins og aldan hafi notað brettið eins og hafnaboltakylfu. Brettið bara flaug í andlitið á mér."

Við höggið hlaut Þorleifur ljótan skurð á kinnbein og fór í kjölfarið á sjúkrahúsið á Selfossi þar sem gert var að sárum hans. „Það var tekin ákvörðun um að fara með mig til læknis þar sem strákarnir kunnu ekki alveg við skila mér svona útlítandi til kærustunnar. Það voru saumuð þrjú spor í kinnina á mér og læknirinn sagði að ég myndi væntanlega skarta vígalegu bíómyndaöri í brúðkaupinu," segir hann léttur.

Þrátt fyrir óhappið er Þorleifur brattur. Hann segir brimbrettaiðkun skemmtilegt og spennandi sport og að dagurinn hafi verið frábær. „Brimbrettið eru algjör snilld. Það var kannski full bratt að henda sér út í svona öldur í fyrsta skipti sem maður prófar þetta en fall er fararheill og það gengur bara vonandi betur næst."

**hannarut@365.is**



**SKURÐUR** Þorleifur nýstiginn upp úr sjónum eftir óhappið með vænan skurð á kinninni. MYND/KRISTINN

## Hefur getið sér gott orð sem leikstjóri

Leiksýningin Englar alheimsins í leikgerð Þorleifs Arnar Arnarssonar og Símonar Birgissonar var valið leikrit ársins 2013 á Grímuverðlaununum í ár. Leikgerðina gerðu Þorleifur Örn Arnarsson og Símon Birgisson eftir skáldsögu Einars Más Guðmundssonar.

Þorleifur hefur áður leikstýrt fjölda leiksýninga og ópera í Þýskalandi og Sviss frá því að hann útskrifaðist sem leikstjóri úr Ernst Busch-leiklistarskólanum í Berlín árið 2009.

Minna að fletta
meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**

FITON / SÍA




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*

# Fjölhæfur búningahönnuður

Karen Briem lýkur mastersnámi í búningahönnun frá London University of the Arts.

„Samkvæmt kennaranum mínum er ég fyrsti Íslendingurinn sem lýkur þessu námi, sem er virkilega gaman," segir Karen Briem. Í desember lýkur Karen mastersnámi í búningahönnun við London University of the Arts. Karen segir að mastersgráðan komi til með að opna marga möguleika.

„Búningahönnun er miklu meira nám en flestir gera sér grein fyrir. Það eru rosalega margir möguleikar í faginu og þeir geta tengst öllu sem hefur eitthvað með „performance" að gera. Búningahönnuðir geta starfað við nútímadanssýningar, óperur og með fjöllistahópum, svo eitthvað sé nefnt."

Áður en Karen sneri sér að búningahönnun hélt hún til Kína til að læra kínversku.

„Mig langaði að læra málið því það heillaði mig svo að sjá hversu myndrænt það var," segir Karen, sem í kjölfar dvalarinnar hélt til Danmerkur og lauk BS-gráðu í Copenhagen Business School. Þegar Karen var 17 ára fékk hún að upplifa hvernig tökur á stórmynd fara fram, þegar kvikmyndin Lara Croft: Tomb Raider var tekin upp hér á landi.

„Að vera innan um svona rosalega margt fólk var spennandi og einnig að sjá hvernig hlutirnir ganga fyrir sig bak við tjöldin. Við vorum við Jökulsárlón í um viku og ég var með í tökum sem kvikmyndaðar voru langt í burtu, til að fylla upp í vissar senur," segir Karen, og bætir við að þessi reynsla hafi setið lengi í henni.

Hún vinnur að mastersverkefni sínu í sumar en lauk nýverið við gerð búninga fyrir tónlistarmyndband í Bretlandi.

„Það var virkilega skemmtilegt og vonandi að maður geti gert enn meira af því." **- ka**



**NÓG AÐ GERA** Karen Briem lýkur mastersnámi í búningahönnun frá London University of the Arts en hún verður fyrsti Íslendingurinn sem lýkur mastersnámi við deildina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Tekst á við náttúru-öflin með símanum

Reykjavík, 2013, Auður segir frá snjóflóðamælingum

Veðurstofan gefur út snjóflóðaspá tvisvar í viku. Ég vinn við mælingar og nota símann þá mikið. Ég mynda snjóflóð með honum, er með hugbúnað sem skrásetur kornastærð, tek myndir af fjallshlíðum og áttavitinn í símanum segir mér svo hvert þær vísa og gefur mér upp GPS-staðsetningar. Síðan sendi ég upplýsingarnar beint í tölvuna í stjórnstöðinni og þess vegna skiptir mig miklu máli að vera í öruggu sambandi.

## Segðu sögu með Galaxy Young eða Lumia 520

**Veldu Snjallpakka sem passar þér!**

Snjallpakkinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

**Sumarglaðningur**

3 GB og 3000 SMS á mán. fylgja öllum Snjallpökkum til 31. ágúst.

Nokia
### Lumia 520

2.890kr.
Á mánuði í 18 mánuði*

32.900 kr. stgr.




Bættu við Snjallpakka
**500**
4.990 kr./mán.
500 mín. | 500 SMS | 500 MB

Samsung Galaxy
### Young

2.190kr.
Á mánuði í 12 mánuði*

24.900 kr. stgr.




Bættu við Snjallpakka
**300**
3.490 kr./mán.
300 mín. | 300 SMS | 300 MB

Nánar á siminn.is

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mánaðargjald.

Vertu í sterkara sambandi á stærsta farsímaneti landsins

Síminn

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



WOW MOMENT
TAKTU ÞÁTT Á WOW.IS


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Susan Sarandon heilluð af Hugleiki Dagssyni



Leikkonan **Susan Sarandon** er stödd á Íslandi. Í gær sást til hennar í bókabúðinni Máli og menningu við Laugaveg. Þar gluggaði hún í nýjustu bók Hugleiks Dagssonar og virtist hafa gaman af vegna þess að hún festi kaup á eintaki af bókinni. Þess má geta að Hugleikur Dagsson verður með uppistand þriðjudaginn 16. júlí á listahátíðinni LungA á Seyðisfirði. - ósk

### Greipur afhendir Víkingi lykla að Ögri



Hið víðfræga og árlega Ögurball verður haldið í samkomuhúsinu í Ögri í Ísafjarðardjúpi 20. júlí næstkomandi. Andlit ballsins að þessu sinni verður Víkingur Kristjánsson, leikari og meðlimur Vesturports. Í fyrra var andlit ballsins **Greipur Gíslason**, framkvæmdastjóri HönnunarMars. Lyklaskipti fara fram við hátíðlega athöfn á Ísafirði í næstu viku, þar sem Greipur mun afhenda Víkingi lykla að Ögri. - ósk

## Mest lesið vísir

1 Frétti af brottvikningunni á Fésbókinni
2 Karl Vignir ósáttur og áfrýjar dómnum
3 Brad hefur áhyggjur – Angelina bara 42 kíló
4 Tugir íhuga að stíga fram eftir viðtalið
5 Skemmta sér þegar færi gefst


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-1518

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

VS

BETA
EÐA
MAGGA

LÚXUSVANDAMÁL!
VERÐ FRÁ
12.900 KR.*

LONDON EÐA KÖBEN
FERÐATÍMABIL: 20. ÁGÚST – 15. DESEMBER

BÓKAÐU NÚNA Á WOW.IS

*Flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.

LÆGRA VERÐ · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ · LOFORÐ WOW

Berlín >> Lyon >> Vilnius >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Alicante
París >> Amsterdam >> London >> Kaupmannahöfn >> Zürich >> Stuttgart >> Salzburg

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is